FRÉTTABLAÐIÐ
140. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 16. JÚNÍ 2016

# Flestir myndu kjósa rafrænt

**Stærstur hluti þeirra sem afstöðu taka í nýrri könnun segist myndu kjósa forseta Íslands rafrænt, væri gefinn kostur á því. Þingmaður Pírata segir slíkar kosningar hins vegar flóknara mál en virðist í fyrstu.**

**STJÓRNSÝSLA** Um það bil átta af hverjum tíu, sem afstöðu taka, segja að þeir myndu kjósa forseta Íslands með rafrænum hætti, væri sá möguleiki til staðar. Tuttugu prósent segjast ekki myndu gera það. Þetta sýna niðurstöður könnunar sem Fréttablaðið gerði mánudaginn 13. júní.

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, segir rafrænar kosningar mjög flókið fyrirbæri. Hann myndi ekki vilja heimila rafrænar kosningar um mikilvæg mál, eins og þegar forseti Íslands er kosinn, þegar kosið er til þings, eða þegar þjóðaratkvæðagreiðsla um mikilvæg mál færi fram. „Ekki eins og er, kannski í framtíðinni,“ segir hann.

Helgi segir að með rafrænum kosningum vakni upp spurningar um öryggi, möguleika á endurtalningu og leynd. „Þetta eru allt saman flóknar spurningar þegar kemur að rafrænum kosningum,“ segir Helgi. Hefðbundna leiðin sé þó alls ekki gallalaus. „Einfalt dæmi sem varðar kosningaleynd í internetkosningum er að þú getur ekki treyst því að kjósandinn sé einn þegar hann situr fyrir framan tölvuna. Og þá þarf að vega og meta hvað er heppilegt og við hvaða aðstæður.“

Hann vekur athygli á því að það sé ekki það sama að taka ákvörðun í félagasamtökum eða á sveitarstjórnarstiginu annars vegar og svo í flóknari málum eins og alþingiskosningum eða þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að Evrópusambandinu hins vegar.

„Málið snýst ekki bara um að skrifa eitthvert forrit og skella því á netið og þá er komið eitthvert rafrænt lýðræði. Þetta er miklu flóknara en það,“ segir Helgi Hrafn. Hann bætir því við að hann vilji þó gera tilraunir, til dæmis á sveitarstjórnarstiginu og í félagasamtökum. „Við gerum þetta og Samfylkingin gerir þetta líka,“ segir hann.

Í sveitarstjórnarlögum er tilraunaákvæði um rafrænar íbúakosningar í sveitarfélögum sem gildir fram á mitt ár 2018. Samkvæmt því getur ráðherra heimilað sveitarfélögum, sem á annað borð eru að framkvæma íbúakosningar samkvæmt lögum, að hafa kosningar rafrænar. Á grundvelli þessara laga hefur verið sett reglugerð og tvisvar verið haldnar rafrænar íbúakosningar. Annars vegar í Ölfusi og hins vegar í Reykjanesbæ.

Könnunin var gerð mánudagskvöldið 13. júní. Hringt var í 926 manns þar til náðist í 802 og var svarhlutfallið því 86,6 prósent. Spurt var: Myndir þú kjósa forseta Íslands með rafrænum hætti, væri sá möguleiki til staðar? Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Alls tóku 93,2 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

jonhakon@frettabladid.is

**Myndir þú kjósa forseta Íslands með rafrænum hætti, væri sá möguleiki til staðar?**

| | Já | Nei |
|---|---|---|
| Allir | 79,7% | 20,3% |
| 18–49 ára | 88,2% | 11,8% |
| 50 ára og eldri | 67,7% | 32,3% |

> Þú getur ekki treyst því að kjósandinn sé einn þegar hann situr fyrir framan tölvuna.


Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata




**Leggja í hann** Götuhjólreiðakeppnin WOW Cyclothon hófst í gær þegar keppendur lögðu af stað frá Egilshöll. Hjólaðir verða 1.358 kílómetrar, hringinn í kringum Ísland, og fer keppnin fram í boðsveitarformi. Keppni einstaklinga hófst hins vegar í fyrradag. Keppnin hefur verið haldin árlega frá 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Leitar garða á milli að tré í aðalhlutverk

**LÍFIÐ** Hafsteinn Gunnar Sigurðsson leikstjóri leitar nú að tré sem kemur til með að leika eitt af aðalhlutverkunum í nýjustu kvikmynd hans, Undir trénu. Auk trésins koma Steindi Jr., Edda Björgvinsdóttir og Sigurður Sigurjónsson til með að taka sér hlutverk.



„Helst viljum við garðahlyn eða silfurreyni, en þó koma allar tegundir til greina, þ.e.a.s. ef tréð hefur rétt útlit. Í grunninn erum við að leita að krúnumiklu tré,“ segir Hafsteinn Gunnar. – gjs

/ sjá síðu 42

## Fréttablaðið í dag

**SPORT** Birkir Bjarnason, sem skoraði gegn Portúgal, er sagður fyrirmynd annarra í liði Íslands. 22



**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason um forsetann og stjórnarskrána. 16

**MENNING** Reykjavík Midsummer Music, tónlistarhátíð Víkings Heiðars, hefst í dag. 30

**LÍFIÐ** Söngkonan Hildur sendir frá sér myndband í anda sögunnar Palli var einn í heiminum. 40

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður




Hæg suðlæg átt í dag og skúrir víða um land sem þýðir að það mun sjást eitthvað í sólina á milli þess sem gróðurinn er vökvaður. SJÁ SÍÐU 28

## Hátíðin undirbúin




**Fyrsti dagur Secret Solstice** Undirbúningur hefur gengið vel fyrir Secret Solstice tónlistarhátíðina sem hefst í dag í Laugardal, en hátíðin er nú haldin í þriðja sinn. Alls troða 177 listamenn upp á hátíðinni og búist er við hátt í fimmtán þúsund gestum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Leggja til gjörbreytt manna-nafnalög

**ALÞINGI** Samkvæmt drögum að frumvarpi til breytinga á mannanafnalöggjöfinni verður núverandi mannanafnanefnd lögð af og engar takmarkanir verða á notkun ættarnafna hér á landi.

Drögin gjörbreyta löggjöfinni með róttækum hætti en þau voru birt af innanríkisráðuneytinu í gær. Ráðuneytið óskar nú eftir rökstuddum tillögum eða athugasemdum um þau.

Í drögunum kemur einnig fram að felld verða á brott ákvæði um að eiginnöfn skuli fallbeygjast og samræmast íslenskri málfræði, um að nöfn skuli fylgja líffræðilegu kyni og um takmarkanir á notkun erlendra nafna. Verði drögin samþykkt verða einu kröfurnar sem gerðar yrðu til eiginnafna þær að þau skuli vera nafnorð, auðkennd með stórum upphafsstaf og án greinis.



**Guðrún Kvaran, prófessor og formaður Íslenskrar málnefndar**

Guðrún Kvaran, formaður Íslenskrar málnefndar, segir fordæmi nágrannalanda okkar sýna að verði lögin um ættarnöfn afnumin muni íslenska föðurnafnakerfið leggjast af.

Grunnhugsunin að baki frumvarpinu er sú að réttur einstaklingsins til að ráða eigin nafni og barna sinna sé ríkari en hagsmunir samfélagsins til að takmarka þann rétt. Rekja má aðdraganda draganna til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá 2013 þar sem dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að rétturinn til nafns falli undir friðhelgi einkalífs og skuli ekki takmarkast með lögum nema brýna nauðsyn beri til. – þv

## Handtekinn vegna lekans

**SVISS** Starfsmaður tölvudeildar panamísku lögfræðistofunnar Mossack Fonseca hefur verið handtekinn í Sviss. Maðurinn er grunaður um að hafa lekið yfir ellefu milljónum leyniskjala úr gagnagrunni stofunnar og sakar lögfræðistofan starfsmann sinn um þjófnað og trúnaðarbrot.

Talið er að hann hafi lekið gögnunum frá Genf, höfuðborg Sviss, en hann hafði aðgang að öllum skjölum stofunnar frá skrifstofu sinni.

Gerð var húsleit á skrifstofum Mossack Fonseca í Genf og lagði svissneska lögreglan hald á tölvubúnað. Maðurinn neitar öllum ásökunum.

Hinum svokölluðu Panamaskjölum var lekið til þýska blaðsins Süddeutsche Zeitung og er um að ræða stærsta gagnaleka til fjölmiðla frá upphafi. Í gögnunum er að finna upplýsingar um eignir fjölmargra einstaklinga í aflandsfélögum. – þv

# Íslendingarnir sagðir vera til fyrirmyndar

**Víðir Reynisson, öryggisfulltrúi KSÍ, var í skýjunum yfir hegðun stuðningsmanna íslenska liðsins á Stade Geoffroy-Guichard í Saint-Étienne í fyrrakvöld. Veit ekki til að lögregla hafi þurft að hafa nokkur afskipti af Íslendingum.**

**FRAKKLAND** Íslendingar stóðu sig ekki einvörðungu frábærlega innan vallar þegar íslenska landsliðið gerði 1-1 jafntefli við Portúgal í fyrsta leik sínum á EM í Frakklandi, heldur var hegðun fjölmargra stuðningsmanna Íslands í Saint-Étienne í fyrradag til fyrirmyndar.

Þetta segir Víðir Reynisson, öryggisfulltrúi KSÍ, við Fréttablaðið sem ræddi við hann í Annecy, bækistöðvum íslenska liðsins, í gær.

„Það var ótrúlegt að horfa á þá meðan á leiknum stóð en ekki var síðra að ræða við þá sem sjá um öryggismál á vellinum. Yfirmaðurinn í Saint-Étienne var í skýjunum yfir framferði íslensku stuðningsmannanna,“ segir Víðir en reikna má með að minnst sjö þúsund stuðningsmenn Íslands hafi verið á leiknum.

„Þeir voru ekki bara háværir og hvöttu liðið áfram, heldur voru þeir til sóma. Við fengum líka frábærar umsagnir um þá frá þeim sem sjá um opnu stuðningsmannasvæðin (e. fan zone). Ég er því stoltur Íslendingur í dag.“

Víðir segir að hann hafi enga tilkynningu fengið um mál sem hafi komið upp í tengslum við íslenska áhorfendur í Saint-Étienne. Fjölmargir stuðningsmenn lögðu leið sína í miðbæ borgarinnar strax um hádegisbilið og nutu blíðunnar þar til þeir héldu á leikvanginn undir kvöldið.

„Það getur vel verið að einhver mál hafi komið upp sem ég hef ekki heyrt um. En það eru engin stórmál í gangi og allir þeir öryggisaðilar sem við erum í samskiptum við eru mjög ánægðir,“ segir Víðir og bætir við að stuðningsmenn Portúgals hafi einnig sýnt sínar bestu hliðar.




**Landsliðsmaðurinn Birkir Bjarnason með íslenska áhangendur í baksýn að loknum leik Íslands og Portúgals á EM í fótbolta.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Portúgalar voru í okkar hópi og öfugt. En það komu engin vandamál upp, sem er meiriháttar. Það virtist öllum vel til vina.



Víðir Reynisson, öryggisfulltrúi KSÍ

„Það var enginn aðskilnaður á milli stuðningsmanna í stúkunni. Portúgalar voru í okkar hópi og öfugt. En það komu engin vandamál upp, sem er meiriháttar. Það virtist öllum vel til vina.“

Ísland á næsta leik sinn á laugardag, gegn Ungverjalandi í Marseille. Þar létu rússneskar og enskar fótboltabullur öllum illum látum fyrir leik liðanna um síðustu helgi. Víðir segir að sú uppákoma muni ekki hafa áhrif.

„Allt sem snýr að Íslandi liggur ljóst fyrir. Undirbúningurinn fyrir þá ferð hefst í dag [í gær] og leikmenn í liðinu munu þá fá allar upplýsingar um hvernig málum verði háttað. Við eigum ekki von á að neitt sem gerðist í Marseille um helgina hafi áhrif á það sem við munum gera, hvorki fyrir leikmenn né stuðningsmenn.“

eirikur@frettabladid.is



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

60 ÁRA 1956 - 2016

Húsasmiðjan fagnar 60 ára afmæli



Skoðaðu öll tilboðin í Húsasmiðju-blaðinu

# SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

## Gerðu allt fínt fyrir 17. júní



SÚPER VERÐ

Stjúpur 10 stk. í bakka.

**799 kr**

~~1.790~~ kr

blómaval

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



Lavatera.

**1.990 kr**

~~2.690~~ kr



Sýpris hæð ca. 100 cm.

**999 kr**

~~2.490~~ kr



**20% afsláttur** af frostþolnum útipottum

Mest selda pallaolían í Húsa-smiðjunni

JOTUN

**Pallaolía Jotun Treolje**
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg glær, gullbrún, græn og einnig hægt að blanda aðra liti.
7049123-27



SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**1.995 kr** 3 ltr

~~2.385~~ kr



IKRA mogatec

FRÁBÆRT VERÐ

**4.995 kr**

**Rafmagnsorf IGT350**
350W, 25 cm sláttubreidd, framlengjanlegt skaft.
5086616



**32% afsláttur**

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**9.900 kr**

~~14.590~~ kr

**Garðstóll Chamonix**
3899590



**21% afsláttur**

Nilfisk

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**12.995 kr**

~~16.595~~ kr

**Háþrýstidæla C105.6-5**
105 bör, 440 l/klst., sjálfvirk ræsing/stöðvun, 5 m slanga.
5254249

JOTUN

**Jotun Akryl Mur, útimálning á stein og múr**
Silkimött alkalíþolin 100% akrýlmálning, gljástig 7.
7049503-12

**23% afsláttur**



SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**6.999 kr** 3 ltr

~~8.999~~ kr

Byggjum á betra verði

www.husa.is

# Reykjavíkurborg mótar reglurnar um túlkaþjónustuna

**STJÓRNSÝSLA** „Eflaust hefðum við getað gert betur og við munum skoða það. Að þessar upplýsingar hafi borist til viðkomandi túlks er ekki heppilegt en við verðum að bregðast við ábendingum sem okkur berast,“ segir Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar, um það að starfsmaður borgarinnar hafi greint Alþjóðasetri frá ásökunum á hendur túlknum Ómari Samir.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Ómar hefði verið sakaður um alvarlega glæpi í starfi sínu sem túlkur en hann hefur starfað fyrir Reykjavíkurborg sem kennari í tugi ára og sinnt túlkaþjónustu fyrir ýmsa aðila hér á landi í 27 ár.

Í lok mars síðastliðins var Ómar boðaður á fund hjá Alþjóðasetri. Þar var honum sagt frá því að borgin hefði sett sig í samband við Alþjóðasetur með alvarlegar ásakanir á hendur honum.

Ásakanirnar voru meðal annars þær að hann hefði ekki túlkað rétt, hótað skjólstæðingum og þegið peninga beint frá þeim fyrir túlkaþjónustu sína.

> Þessi þjónusta hefur hingað til ekki verið mjög fastmótuð en nú er aukin þörf fyrir notkun túlka og viljum við gera þetta vel og faglega.
>
> Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkur



Ómar segir ásakanirnar rangar og að þetta hafi haft mikil áhrif á sig andlega og efnahagslega. Borgin hafi ekki lagt fram neinar sannanir né útskýringar á málinu, hvorki til Alþjóðasetursins né til hans sjálfs, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir.

Anna segir að ekki séu til verklagsreglur í málum sem snerta túlkaþjónustu og að nú sé unnið að því að móta þær.

„Þessi þjónusta hefur hingað til ekki verið mjög fastmótuð en nú er aukin þörf fyrir notkun túlka og viljum við gera þetta vel og faglega. Það er auðvitað mjög mikilvægt að það sé trúnaður.“

Hún segir að borgin sé ekki í stöðu til að meta það hvort ásakanir sem þessar eigi við rök að styðjast. Þá sé borgin heldur hvorki í stöðu til að gefa Alþjóðasetri né Ómari upplýsingar um það hver það er sem ásakar hann.

„Kannski hefði verið réttast að segja að við vildum ekki að hann túlkaði fyrir okkur og ekkert meira,“ segir Anna og bætir við að Alþjóðasetur hefði þó líklegast beðið um skýringar. – **ngy**

## Veita styrk upp á tíu milljónir

**ÞRÓUNARMÁL** Ríkisstjórnin hefur ákveðið, að tillögu forsætis-, sjávarútvegs- og landbúnaðar- og utanríkisráðherra, að veita 10 milljónir króna af ráðstöfunarfé stjórnarinnar til Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem varið verði til verkefna í tengslum við lítil eyþróunarríki.

Þess er vænst að verkefni Sjávarútvegsskólans, sem tengist þessu vilyrði, geti hafist í júlí. – **shá**

> Við Íslendingar höfum stutt þetta framtak enda ljóst að fáar þjóðir eiga eins mikið undir lífríki hafsins.
>
> Sigurður Ingi Jóhannsson, forsætisráðherra



## Óstaðfest slysaslepping

**UMHVERFISMÁL** Fiskistofa bar til baka í gær að staðfest hefði verið að regnbogasilungur hefði sloppið úr sjókví fyrirtækisins ÍS 47 í Önundarfirði.

„Í tilefni frétta um það að staðfest sé að regnbogasilungur hafi sloppið úr sjókví fyrirtækisins ÍS-47 í Önundarfirði vill Fiskistofa koma eftirfarandi á framfæri. Í samskiptum Fiskistofu við Matvælastofnun í gær kom fram að fiskur hefði sloppið úr kví fyrirtækisins.

Taldi Fiskistofa að það væri staðfest, en svo er ekki. Í samskiptum Fiskistofu við aðila hjá ÍS-47 kom fram að ekkert hafi komið fram í starfsemi fyrirtækisins sem gefi tilefni til að ætla að fiskur hafi sloppið.

Ábending barst Fiskistofu um það að regnbogasilung væri að finna í sjó í Önundarfirði en það hefur ekki fengist staðfest. Fiskistofa þykir miður að rangar upplýsingar hafi farið í fréttir.“ – **shá**

# Ábending í Guðmundar- og Geirfinnsmáli ekki glæný

**Ábending sem lögreglu barst á síðustu árum og barst svo til endurupptökunefndar leiddi til handtöku tveggja manna. Mennirnir hafa báðir hlotið refsidóma. Dóttir Tryggva Rúnars Leifssonar, sakbornings í málinu, segir það hljóta að vera mannskemmandi að burðast með svo stórt leyndarmál um áratugaskeið.**

**LÖGREGLUMÁL** Ábending til lögreglu um hvarf Guðmundar Einarssonar barst á allra síðustu árum en kom ekki til skoðunar fyrr en endurupptökunefnd fékk ábendinguna í hendur fyrir skömmu. Tveir menn voru handteknir á mánudagsmorgun og yfirheyrðir af lögreglu vegna málsins en Guðmundur Einarsson hvarf þann 26. janúar 1974. Þeir hafa báðir komið við sögu lögreglu áður og hlotið refsidóma.

Mönnunum var sleppt að lokinni yfirheyrslu. Morgunblaðið greindi fyrst frá málinu.

„Þetta mál lýtur að ábendingu sem barst upphaflega til lögreglu, þaðan til setts ríkissaksóknara sem kemur henni svo á framfæri við endurupptökunefnd. Við í nefndinni óskuðum í kjölfarið eftir því við settan ríkissaksóknara að hann myndi hlutast til um rannsókn á þessari ábendingu. Síðan er það lögreglan að sjálfsögðu sem afgreiðir það hvernig þeir standa að rannsókninni,“ segir Björn L. Bergsson, formaður endurupptökunefndar vegna Guðmundar- og Geirfinnsmálsins.



**Þessi mynd birtist á forsíðu Vísis 14. janúar 1980.** MYND/BRAGI GUÐMUNDSSON

Guðmundur Einarsson var átján ára gamall þegar hann fór með tveimur félögum sínum á ball í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði laugardagskvöldið 26. janúar 1974. Hann varð viðskila við vini sína í lok dansleiksins en sjónarvottur segist hafa séð Guðmund gangandi skammt frá. Síðan hefur ekkert til hans spurst.

Björgunarsveitir og lögregla leituðu Guðmundar um nokkra hríð þar til ákveðið var að hætta leit. Næstum tveimur árum síðar, upp úr miðjum desember 1975, voru Erla Bolladóttir og Sævar Ciesielski í gæsluvarðhaldi hjá lögreglunni vegna póstsvikamáls. Í langri yfirheyrslu 20. desember það sama ár er Erla spurð hvort eitthvað sé hæft í þeim sögusögnum sem lögreglu hafi borist til eyrna, að Sævar hafi verið viðriðinn hvarfið á Guðmundi. Vitnisburður Erlu leiðir til handtöku Kristjáns Viðars Viðarssonar og Tryggva Rúnars Leifssonar.

Sævar og Tryggvi Rúnar játuðu fljótlega aðild sína að dauða Guðmundar. Þeir drógu játningarnar til baka í byrjun 1977 en voru samt dæmdir ábyrgir fyrir dauða Guðmundar. Um áratugaskeið hafa mennirnir og fjölskyldur þeirra barist fyrir því að nafn þeirra verði hreinsað. Endurupptökunefnd hefur málið til skoðunar en starfshópur um Guðmundar- og Geirfinnsmálin komst að þeirri niðurstöðu að framburður sakborninganna sex hefði ýmist verið óáreiðanlegur eða falskur, meðal annars vegna ómannúðlegar meðferðar og langrar einangrunarvistar.

Dóttir Tryggva Rúnars, Kristín Anna Tryggvadóttir, hafði ekki fengið nýjar upplýsingar um málið þegar frétt Morgunblaðsins var birt í gærmorgun. Hún segir málið mjakast hægt en mjakast þó. „Í raun og veru er það sjúklega leiðinlegt að einhver hafi þurft að burðast með þetta í öll þessi ár. Það er einhver þarna úti sem veit betur eða veit meira en við. Það getur ekki verið auðvelt fyrir heilvita manneskju að burðast með svona upplýsingar, hvort sem hún veit eitthvað í málinu eða er gerandi í málinu. Það hlýtur að vera mannskemmandi.“ **snaeros@frettabladid.is**

> Í raun og veru er það sjúklega leiðinlegt að einhver hafi þurft að burðast með þetta í öll þessi ár.
>
> Kristín Anna Tryggvadóttir, dóttir Tryggva Rúnars Leifssonar



> Þetta mál lýtur að ábendingu sem barst upphaflega til lögreglu, þaðan til setts ríkissaksóknara.
>
> Björn L. Bergsson, formaður endurupptökunefndar vegna Guðmundar- og Geirfinnsmálsins






# Leiðast seinlegar samningaviðræður

**KJARAMÁL** „Okkur er farið að leiðast þófið og hefðum viljað sjá skilvirkari vinnubrögð. Við vorum að vonast eftir því að með þeirri ákvörðun að vísa viðræðum til ríkissáttasemjara kæmi meiri skilvirkni í hlutina,“ segir Sigrún Grendal Jóhannesdóttir, formaður Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum(FT). Félagsmenn hafa nú verið samningslausir í rúmt hálft ár og engin lausn virðist í sjónmáli í kjaradeilu FT við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Sigrún segir yfirstandandi kjarasamninga mikilvæga þegar litið er til þess sem er í umræðunni núna, að taka í notkun nýtt samningalíkan á vinnumarkaði að norrænni fyrirmynd í næstu kjarasamningslotu.

„Þegar þú ferð inn í slíkt kerfi sýnir reynsla kollega okkar frá Norðurlöndum að launastaða hópa í slíku kerfi tekur ekki breytingum eftir að kerfin hafa verið tekin í notkun, hér skiptir upphafsstaðan öllu máli, því ert fastur á þeim stað sem þú varst á í launastiganum þegar af stað er farið,“ segir Sigrún og bætir við: „Þar sem við misstum úr eina umferð í kjarasamningum árið 2008 og hefur ekki enn tekist að ná okkar fyrri stöðu leggjum við ofuráherslu á að okkar hlutur verði leiðréttur núna og störfin ekki gjaldfelld.“

Hún segir bilið á milli þeirra launa sem félagsmenn FT vilja og þeirra sem SÍS býður ekki svo langt að það sé ekki brúanlegt en þó sé nokkurt bil á milli.

„Þó svo við myndum ákveða að nýta eina úrræðið sem við höfum samkvæmt lögum, vinnustöðvun, í þessum aðstæðum, þá tel ég slíkt úrræði í reynd ekki raunhæfan kost lengur fyrir hópa eins og okkur. Í verkfallinu sem við beittum síðast varð ávinningurinn minni en við höfðum vonast til. Við höfðum ekki mikið um það að segja hvernig lyktir urðu svo ekki sé meira um það sagt.“ – **þea**

> Þó svo við myndum ákveða að nýta eina úrræðið sem við höfum samkvæmt lögum, vinnustöðvun, í þessum aðstæðum, þá tel ég slíkt úrræði í reynd ekki raunhæfan kost lengur fyrir hópa eins og okkur.
>
> Sigrún Grendal Jóhannesdóttir, formaður FT



**»** **Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum er eina stéttarfélag kennara sem enn hefur ekki verið samið við.**

# Til hamingju Hótel Laugarbakki

Landsbankinn óskar Hótel Laugarbakka í Miðfirði til hamingju með stækkun og endurnýjun hótelsins, sem fjármögnuð er af Landsbankanum. Hótel Laugarbakki er glæsilegt þriggja stjörnu hótel með metnaðarfullum veitingastað, rétt við hringveginn, við bakka Miðfjarðarár. Landsbankinn er öflugur og traustur samherji og leiðandi í lánveitingum til ferðaþjónustufyrirtækja.

**3.624** fermetrar

**56** hótelherbergi

**18** starfsmenn

**120** rúm

Við eina vinsælustu laxveiðiá landsins

Íþróttahús og heitir pottar fyrir gesti

Hvítserkur, Kolugljúfur og Vatnsnes í næsta nágrenni



Stutt í fengsæl fiskivötn á Arnarvatnsheiði

Fjölbreytt gisting miðja vegu milli Reykjavíkur og Akureyrar

Selasetrið og selaskoðunarferðir frá Hvammstanga

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

ÚRVAL
NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM!
KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI!




HYUNDAI SANTA FE III STYLE
Nýskr. 04/16, ekinn 6 þús. km, dísil, sjálfskiptur 6 gírar.
Rnr. 121013
VERÐ! 7.490 þús.




RENAULT CAPTUR DYNAMIC
Nýskr. 06/15, ekinn 28 þús. km, dísil, sjálfskiptur 6 gírar.
Rnr. 283740
VERÐ kr. 3.230 þús.




TOYOTA AURIS TERRA
Nýskr. 06/14, ekinn 60 þús. km, dísil, 6 gírar.
Rnr. 143537
VERÐ kr. 2.690 þús.




NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 06/13, ekinn 70 þús. km, dísil, 6 gírar.
Rnr. 143383
VERÐ kr. 3.380 þús.




KIA SPORTAGE EX 2WD
Nýskr. 03/13, ekinn 40 þús. km, dísil, 6 gírar.
Rnr. 160096
VERÐ kr. 3.590 þús.




HONDA CRV EXECUTIVE
Nýskr. 08/12, ekinn 54 þús. km, bensín, sjálfskiptur 5 gírar.
Rnr. 143529
VERÐ kr. 4.590 þús.




HYUNDAI I20 CLASSIC
Nýskr. 06/15, ekinn 27 þús. km, dísil, 6 gírar.
Rnr. 360034
VERÐ kr. 2.290 þús.

WWW.BÍLALAND.IS
bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is


## Gripinn í tollinum



**Í klemmu** Dýraeftirlitsmaður heldur á lofti einum af 148 svörtum sporðdrekum sem gerðir voru upptækir á alþjóðaflugvellinum í Karachi í Pakistan í gær. Sporðdrekarnir verða sendir aftur til Hong Kong, en þeir voru teknir af smyglurum sem voru á leið með þá á alþjóðlega svarta markaði fyrir slík kvikindi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Á pari við bestu spítala

**Ný rannsókn á ósæðarlokuskiptum sýnir góðan árangur hér á landi. Árangurinn er sagður réttlæta að gerð sé svo flókin aðgerð á svo öldruðu fólki.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Mjög góður árangur er af ósæðarlokuskiptum á Íslandi og eru lífshorfur þeirra sem gangast undir aðgerðina sambærilegar við Íslendinga af sama aldri og kyni sem ekki hafa þurft á slíkri aðgerð að halda.

Þetta kemur fram í rannsókn sem er samvinnuverkefni lækna á hjarta- og lungnaskurðdeild Landspítalans, læknadeildar HÍ og Hjartaverndar.

Ósæðarlokuskipti eru önnur algengasta hjartaaðgerðin sem framkvæmd er á Vesturlöndum og eru árlega gerðar um fimmtíu slíkar aðgerðir hér á landi. Aðgerðin er umfangsmikil þar sem hjartað er stöðvað, kalkaða lokan fjarlægð og nýrri loku komið fyrir.

Tómas Guðbjartsson, yfirlæknir á skurðsviði Landspítalans og prófessor, stýrði rannsókninni en grein um hana birtist nýlega í Journal of Heart Valve Disease.

„Niðurstaðan er að snemmkomuárangurinn hér á landi, það er lífshorfur sjúklings innan við þrjátíu daga frá aðgerð, er mjög góður og er á pari við það sem þekkist á bestu spítölum,“ segir Tómas.

Rannsóknin náði til heillar þjóðar og var hægt að fylgja öllum sjúklingunum eftir, sem er sjaldgæft í sambærilegum rannsóknum erlendis. Það gerir rannsóknina sérstæða.

„Við gátum borið saman þá sem fara í þessa aðgerð og aðra á sama aldri og af sama kyni. Rannsóknin leiddi í ljós mjög góðan langtímaárangur. Það kemur skemmtilega á óvart hversu lítill munur er á afdrifum þeirra sem fara í aðgerð og þeim sem ekki hafa þennan alvarlega hjartasjúkdóm.“

Stærstur hluti sjúklinganna er yfir sjötugt. Niðurstöðurnar eru því ekki síst ánægjulegar í ljósi þess að með auknum fjölda aldraðra muni þessum aðgerðum fjölga umtalsvert á næstu áratugum.

„Gagnrýni hefur heyrst bæði utan og innan spítalans á að svo flóknar og dýrar aðgerðir séu gerðar á svo öldruðu fólki. En þessi góði árangur hvetur okkur til dáða og staðfestir að við erum að gera eitthvað rétt.“

erlabjorg@frettabladid.is

### Niðurstöðurnar

Rannsóknin náði til 366 sjúklinga.

**94%** sjúklinganna lifðu aðgerðina
**82%** sjúklinganna voru á lífi fimm árum frá aðgerð

Lífshorfur sjúklinga sambærilegar við þá sem ekki höfðu hjartasjúkdóm.

Þessi góði árangur hvetur okkur til dáða og staðfestir að við erum að gera eitthvað rétt.



Tómas Guðbjartsson yfirlæknir

# DIESEL



LIAM HEMSWORTH

**ONLY THE BRAVE**
**EXTREME**
THE NEW FRAGRANCE

**Diesel kynning 16. - 22. júní**
**í verslunum Hagkaups**

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM DIESEL VÖRUM**
**Kaupauki fylgir öllum keyptum Diesel ilmum**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Mega ekki skyggja á kirkju

**DANMÖRK** Átta af hverjum tíu stiftum í Danmörku hafa frá árinu 2012 mótmælt háum byggingum sem mögulega gætu skyggt á kirkjur.

Samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar í Danmörku hafa stiftin möguleika á að gera athugasemdir vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda í nágrenni kirkna.

Í Tjørring við Herning þurfti að lækka íbúðarhús um eina hæð þar sem biskupinn í Viborg sagði bygginguna myndu skyggja á kirkjuna á staðnum. TV 2 hefur eftir Henrik Stubkjær, biskup í Viborg, að um sigur hafi verið að ræða fyrir kirkjuna. Varðstaða um kirkjurnar sé hluti af varðveislu menningarsögunnar. – **ibs**









**Víða hefur fórnarlamba árásarinnar verið minnst.** NORDICPHOTOS/AFP

# Mögulega réttað yfir eiginkonu Mateens

**BANDARÍKIN** Saksóknarar í Flórída hafa nú hafið rannsókn á hendur Noor Salman, eiginkonu Omars Mateen, fyrir þátt hennar í árás Mateen á hinsegin skemmtistaðinn Pulse í Orlando. 49 féllu í árásinni og 53 særðust, þar af eru sex enn í lífshættu. Frá þessu greinir Reuters.

Samkvæmt heimildum Reuters og Fox News hyggjast saksóknararnir ákæra Salman fyrir að vera vitorðsmaður að 49 morðum og 53 morðtilraunum. Salman hefur verið yfirheyrð en ekki handtekin.

Angus King, meðlimur öryggisnefndar öldungadeildar Bandaríkjaþings, sagði í viðtali á CNN að það liti út fyrir að Salman hafi vitað af áformum Mateen. „Hún gegnir mikilvægu hlutverki í rannsókninni og virðist ætla að vera samvinnuþýð. Hún gæti gefið okkur verðmætar upplýsingar,“ sagði King.

Bandarískir fjölmiðlar greindu frá því á þriðjudag að Salman hafði farið með Mateen að kaupa skotfæri sem og á skemmtistaðinn Pulse þegar hann vildi rannsaka staðinn. Sama dag sagði hún í viðtali við NBC að hún hefði reynt að tala Mateen til og fá hann til að hætta við.

Heimildarmenn CNN innan rannsóknarlögreglunnar í Orlando segja Mateen hafa notað spjallborð á netinu fyrir samkynhneigða, en flest fórnarlamba hans voru samkynhneigð. Þó segjast þeir ekki vissir hvort það hafi verið vegna þess að hann hafi sjálfur verið samkynhneigður eða til þess að rannsaka möguleg fórnarlömb. Nokkrir fastagesta Pulse hafa einnig komið fram og sagst hafa séð Mateen margsinnis inni á staðnum. – **þea**




# Hæ hó og Jibbý Jei










OPIÐ FRÁ 11 TIL 19
Á 17. JÚNÍ

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Warcraft sló met í Kína

**VIÐSKIPTI** Kvikmyndin Warcraft átti stærstu opnun nokkurrar kvikmyndar í sögu Kína. Frá því í síðustu viku hefur hún halað inn nærri tuttugu milljarða króna í miðasölu.

Til samanburðar námu tekjur af allri miðasölu á kvikmyndina Star Wars: The Force Awakens um fimmtán milljörðum króna.

Tekjurnar urðu hins vegar minni í Bandaríkjunum um helgina en framleiðendur vonuðust til, eða um þrír milljarðar króna. BBC greinir frá því að í Kína sé ört stækkandi kvikmyndamarkaður en búist er við að hvergi muni miðasölutekjur verða meiri en í Kína á næsta ári. Bandaríkjamenn hafa vermt toppsætið síðustu áratugi. **– þea**



**Frá frumsýningu Warcraft í Sjanghæ.** NORDICPHOTOS/AFP


## Reykjavík, 16. júní 2016

Kvika banki hf. hefur gefið út sex mánaða víxla að fjárhæð 2.000 milljónir króna. Um er að ræða útgáfu í víxlaflokknum KVB 16 1221 og er heildarheimild flokksins 2.000 m.kr. Fjármálaeftirlitið staðfesti lýsingu vegna umsóknar um töku víxlanna til viðskipta í gær, þann 15. júní 2016, og sótt hefur verið um töku víxlanna til viðskipta í Kauphöll Íslands.

Útprentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar í höfuðstöðvum Kviku, Borgartúni 25, 105 Reykjavík.

Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu útgefanda *www.kvika.is/um-kviku/fjarfestar.*

KVIKA

kvika.is






**Bátar beggja hliða Brexit-deilunnar sigldu eftir ánni Thames fyrir utan þinghúsið í gær. Hiti var í fólki og hrópaði söngvarinn Bob Geldof, sem er andvígur Brexit, ókvæðisorð að Nigel Farage, leiðtoga Breska sjálfstæðisflokksins.** NORDICPHOTOS/AFP

# Brexit gæti þýtt 2.600 milljarða niðurskurð

**Fjármálaráðherra Breta telur mögulegt brotthvarf úr Evrópusambandinu þýða niðurskurð og skattahækkanir. Samflokksmenn, sem eru ósammála, segja ályktanir ráðherrans fáránlegar. Fleiri aðhyllast nú brotthvarf en áframhaldandi veru.**

**BRETLAND** George Osborne, fjármálaráðherra Bretlands, deildi í gær sviði með fyrirrennara sínum, Alistair Darling, þar sem þeir vöruðu við mögulegum afleiðingum brotthvarfs Bretlands úr Evrópusambandinu, svokölluðu Brexit. Gera þeir ráð fyrir að hækka þurfi skatttekjur ríkisins um fimmtán milljarða punda og lækka ríkisútgjöld um svipaða upphæð, að jafngildi um 2.600 milljarða íslenskra króna. Meðal annars sagði Osborne að skera þyrfti niður í heilbrigðiskerfinu, menntun, varnarmálum og löggæslu.

Tölurnar sagði Osborne byggðar á niðurstöðum Institute for Fiscal Studies á efnahagslegum áhrifum brotthvarfs. Meðal annars vegna breytinga á milliríkjaviðskiptum. Í niðurstöðu rannsóknarinnar segir meðal annars að ef af brotthvarfi yrði þyrfti ríkið að ráðast í umfangsmiklar aðhaldsaðgerðir í allt að tvö ár.

„Brotthvarf úr Evrópusambandinu mun hafa í för með sér efnahagslegt áfall sem myndi steypa Bretlandi í annað hrun,“ sagði Osborne í gær.

> **Brotthvarf úr Evrópusambandinu mun hafa í för með sér efnahagslegt áfall sem myndi steypa Bretlandi í annað hrun.**
>
> George Osborne, fjármálaráðherra Bretlands



Ummæli Osbornes féllu þó í grýttan jarðveg hjá þeim samflokksmönnum hans í Íhaldsflokknum sem aðhyllast Brexit. Þingmennirnir Iain Duncan Smith, Liam Fox og Owen Paterson skrifuðu undir yfirlýsingu þar sem þeir segjast ekki geta leyft Osborne að fara gegn stefnu ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var eftir þingkosningar í fyrra. Ríkisstjórnin lofaði því meðal annars í stefnu sinni að tekjuskattur og virðisaukaskattur myndu ekki hækka á kjörtímabilinu.

„Okkur finnst ótrúlegt að fjármálaráðherra hóti að svíkja svo mörg loforð,“ stóð í yfirlýsingunni. „Það er fáránlegt að segja að ef fólk vilji taka stjórnartaumana af Evrópusambandinu muni hann refsa því með þessum hætti,“ bættu þremenningarnir við. Þá segja þeir stöðu Osbornes einkar veika yrðu ályktanir hans að veruleika.

Samkvæmt meðaltali skoðanakannana sem The Financial Times tekur saman myndu 47 prósent Breta kjósa að yfirgefa Evrópusambandið en 44 prósent áframhaldandi veru. Kosið verður 23. júní næstkomandi. **thorgnyr@frettabladid.is**

**47%**

**Breta vilja ganga úr Evrópusambandinu á meðan 44 prósent vilja vera þar áfram.**


## Siemens kæliskápar á sumartilboði.



**Kæliskápur**
KG 36VUW20
Hvítur, 186 sm. Útdraganleg „crisperBox“- skúffa sem tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta. LED-lýsing. „lowFrost“-tækni: Lítil klakamyndun. Stór „bigBox“-frystiskúffa. Hraðfrysting. H x b x d: 186 x 60 x 65 sm.
Tilboðsverð:
**74.900** kr.
Fullt verð: 94.700 kr.



**Kæliskápur stál 186 sm**
KG 36VVI32
Stál, 186 sm. Orkuflokkur A+. Útdraganleg „crisperBox“-skúffa sem tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta. LED-lýsing. „lowFrost“-tækni: Mjög lítil klakamyndun og affrysting auðveld. Stór „bigBox“-frystiskúffa. Hraðfrysting. H x b x d: 186 x 60 x 65 sm.
Tilboðsverð:
**104.900** kr.
Fullt verð: 133.900 kr.

Gildir til 24. júní eða meðan birgðir endast.

SIEMENS

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



DEBENHAMS
DESIGNERS AT DEBENHAMS
JASPER J CONRAN
JEFF BANKS LONDON
nine SAVANNAH MILLER
principles BY BEN de LISI
RJR.JOHN ROCHA
STAR BY julienmacdonald
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR
AF SUMARVÖRUM
FRÁ DEBENHAMS
HÖNNUÐUM
GILDIR ÚT SUNNUDAG
Opið til kl. 21:00 í kvöld
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR
Finndu okkur á facebook




VERSLUN
ATHAFNAFÓLKS
Í 100 ÁR
ELLINGSEN
SÍÐAN 1916
Tryggvabraut 1–3
AKUREYRI
580-8550
Fiskislóð 1
REYKJAVÍK
580-8500
ELLINGSEN.IS

# Nítján ára frumkvöðlafyrirtæki

Íslendingar ættu að sérhæfa sig í hönnun og hugviti fremur en að keppa í framleiðslu við bestu verksmiðjur heims. Bjarney Harðardóttir, markaðsstjóri 66°Norður, segist stolt af erlendri framleiðslu fyrirtækisins. Fyrirtækið þurfi að tryggja bæði gæði og magn.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is





Bjarney Harðardóttir markaðsstjóri í nýrri og glæsilegri verslun fyrirtækisins á Laugavegi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Við erum með fjöregg í höndunum," segir Bjarney Harðardóttir, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar 66°Norður. Fyrirtækið er nítíu ára og hefur þróast með Íslendingum og þeim áskorunum sem við sem þjóð höfum tekist á við. „Það má samt segja að við séum nítíu ára gamalt frumkvöðlafyrirtæki," bætir hún við því fyrirtækið hefur þurft að aðlaga sig ört með aukinni þátttöku á erlendum markaði með vörur sínar.

Helgi Rúnar Óskarsson og Bjarney keyptu, um árið 2012, Sjóklæðagerðina. Helgi Rúnar er forstjóri fyrirtækisins. Sjóklæðagerðin á vörumerkin 66°Norður og Rammagerðina.

**Gleymum ekki sjómönnum**

„Það sem er ávallt í huga mér er að þær ákvarðanir sem við tökum í dag byggi undir að fyrirtækið lifi næstu hundrað árin. Í því samhengi skiptir máli að við vöndum til verka og höldum áfram að fjárfesta í grunnstoðum fyrirtækisins . Við berum ríka ábyrgð og berum virðingu fyrir sögunni," segir Bjarney og minnir á að fyrirtækið framleiði enn sjófatnað á íslenska flotann.

„Við byggjum á þeirri arfleifð Sjóklæðagerðarinnar sem var að vernda Íslendinga fyrir erfiðum aðstæðum og gleymum ekki þeim sjómönnum sem fóru til sjós á opnum bátum. Merkið hefur svo þróast með Íslendingum en við höldum fast í kjarnann," segir hún.

**Falsanir ógna**

Bjarney segir falsanir helst ógna ímynd vörumerkisins. „Það er mikið um falsanir í heiminum, þessi stóru merki, á borð við Moncler, verða fyrir þeim í miklum mæli. Við höfum fengið ágjöf á vörumerkið og þurft að verja peningum í það að verja það. En það er bara veruleiki sem við erum í núna á erlendum markaði," segir Bjarney.

Fyrirtækið framleiddi allar sínar vörur á Íslandi í 76 ár. Nú er framleiðslan nærri öll erlendis, langmest í Evrópu, Lettlandi, en dúnvörur fyrirtækisins eru framleiddar í Kína og eitthvað af ullarvörunum.

„Við fluttum alla framleiðsluna út. Efnahagsumhverfið á Íslandi var orðið þungt í vöfum, bankarnir vildu ekki lána. Þá var kostnaðurinn jafnmikill og verð varanna. Við brugðumst við því og fluttum allt til Lettlands, þekkingu, tæki og tól. Erum með reynslumikið fólk frá Íslandi sem stýrir framleiðslunni."

**Framleiða í Kína og Lettlandi**

Í Lettlandi eru þrjár verksmiðjur í eigu fyrirtækisins og Bjarney segir 90 prósent af vörulínum framleiðslunnar verða til þar. „Það skiptir okkur máli að eiga þessar verksmiðjur og stýra þeim, það hefur mikið að segja í allri hönnunar-, þróunar- og hugmyndavinnu," segir hún.

„En alla dúnvöru framleiðum við í Kína, þeir eru með mjög sérhæfðar og góðar verksmiðjur. Við kaupum vottaðan dún frá Þýskalandi sem við flytjum til Kína. Þá flytjum við íslenska ull frá Ístex til Kína og framleiðum úr henni ullarvörur, til dæmis ullarpeysuna margumræddu sem Ragnheiður Elín Árnadóttir afhenti borgarstjóra Chicago í vor."

**Þarf hugarfarsbreytingu**

Bjarney segir umhugsunarvert hversu mikla gagnrýni peysan fékk á Íslandi. „Þarna vorum við að vinna með Ístex og nota íslenskt hráefni og langaði að gera okkar hönnun á íslenskri peysu úr ull undir vörumerki 66°Norður í fyrsta skipti. Í mínum huga var verið að gefa borgarstjóranum gjöf frá einu elsta vörumerki okkar Íslendinga, vöru sem er hönnuð á Íslandi, úr íslenskri ull.

> Umræðan er skökk, í Danmörku hefði þetta ekki gerst. Danir eru óhræddir við að framleiða hönnun sína erlendis.
>
> Bjarney Harðardóttir, markaðsstjóri 66°Norður

Umræðan er skökk, í Danmörku hefði þetta ekki gerst. Danir eru óhræddir við að framleiða hönnun sína erlendis. Þeir standa með hönnun og hugviti. Enda er sú grein að vaxa um 30 til 40 prósent á ári í útflutningi hjá þeim. Það gerum við oft ekki," segir Bjarney og segist halda að það þurfi að verða ákveðin hugarfarsbreyting sem yrði iðnaðinum til framdráttar. „Við eigum mikil tækifæri þarna, erum með stóran hóp af hönnuðum, handverksfólki á Íslandi sem er í fremstu röð í heiminum."

**Fela ekki erlenda framleiðslu**

„Við eigum að fjárfesta í listum, hönnun og hugviti. Við eigum að vinna með styrkleika okkar. Fjórða stoðin á eftir orkunni, fiskinum og ferðaþjónustunni undir okkar samfélag getur verið hönnun og handverk. Danir gætu verið okkar fyrirmynd, dönsk hönnun er alþjóðlega viðurkennd og eftirsótt. Það er kominn markaður fyrir íslenska hönnun og handverk sem hefur aldrei verið áður. Við verðum að sérhæfa okkur í gæðum hönnunar og framleiðslu," segir Bjarney.

„Við viljum til dæmis ekki fela það að við framleiðum vörur okkar erlendis. Við viljum frekar vera stolt af hönnuninni, gæðunum, hugvitinu og erlendu samstarfsfólki okkar sem vinnur sem eitt lið í framleiðslunni. Við erum íslenskt vörumerki hvort sem vörur okkar eru framleiddar hér heima eða ytra. Við viljum vanda til verka og veljum vandlega okkar samstarfsaðila. Við þurfum að tryggja gæðin og magnið. Hér á Íslandi er nær engin framleiðsla lengur, það er engin fjárfesting í greininni. Verði hún, þá finnst mér að hún eigi að byggjast á sérhæfingu. Einhverju sérstöku, byggt á hugviti. Við keppum ekki við bestu verksmiðjur heims."

**Vilja skapa spennandi störf**

Fyrirtækið hefur fjölgað stöðugildum um 43 prósent á síðustu fjórum árum „ Við viljum skapa spennandi störf á Íslandi, við höfum verið að ráða listamenn, tæknifólk, hönnuði, klæðskera, markaðsfólk og verkfræðinga svo einhverjir séu nefndir, við erum með fólk á öllum aldri og af alls konar þjóðerni. Við erum með sex konur í framkvæmdastjórn og það sem er kannski óvanalegt er að þrjár þeirra eru undir þrjátíu ára að aldri," segir hún frá.

**Mercedes-Benz**
**Ljúfir gæðabílar – en smá notaðir**
**Kíktu á úrvalið á www.notadir.is**

Mercedes-Benz



**E 220 CDI**
Árgerð 2014, ekinn 12 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 170 hö.
Búnaður:
LED dagljósabúnaður, Metallic lakk, Artico leður, nálgunarvarar, Avantgarde útfærsla o.fl.
**Verð 7.650.000 kr.**
**Afb./mán. 64.500 kr.***



**GL 350 4MATIC**
Árgerð 2012, ekinn 26 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 211 hö.
Búnaður:
Nálgunarvarar, LED innilýsing, On/Off Road pakki með lágu drifi, 19" álfelgur, skrautlistar o.fl.
**Verð 11.990.000 kr.**
**Afb./mán. 101.200 kr.***



**B 220 CDI**
Árgerð 2014, ekinn 33 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 170 hö.
Búnaður:
Leðuráklæði, ljósapakki,hiti í framsætum, 16"álfelgur, bakkmyndavél o.fl.
**Verð 4.490.000 kr.**
**Afb./mán. 37.500 kr.***

*Mánaðargreiðsla m.v. 50% útborgun og lán í 84 mánuði. Vextir 9,25%, árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,9–10,98%

Klettháls 2 • 110 Reykjavík • Sími 590 2160 •
**Opið** virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 12–16

ASKJA **NOTAÐIR BÍLAR** www.notadir.is






# 3 FYRIR 2 AF SMÁVÖRU

## 20% AFSLÁTTUR AF HAAG SÓFA




**HAAG TUNGUSÓFI**
**ÁÐUR 229.900,- NÚ 183.920,-**
Stærð: 325x143x210 cm.

## 40% AFSLÁTTUR
### AF PÚÐUM & SESSUM




the PIER

GLÆSILEGT ÚRVAL
Á PIER.IS



TAKTU ÞÁTT!
TAKTU ÞÁTT Í FACEBOOK LEIKNUM OKKAR OG ÞÚ GÆTI UNNIÐ NID KÖRFUSTÓL AÐ VERÐMÆTI 59.900,-

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Hvað á barnið að heita?



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Innanríkisráðuneytið hyggst gera afar miklar breytingar á lögum um mannanöfn. Mannanafnefnd og mannanafnaskrá verða einnig lagðar niður samkvæmt drögum að frumvarpi sem ráðuneytið kynnti í gær. Markmiðið með núgildandi mannanafnalögum var meðal annars að vinna að „varðveislu íslenska mannanafnaforðans og íslenskra nafnasiða“.

Breytingarnar koma ekki á óvart. Allt frá því Blær Bjarkardóttir vann dómsmál árið 2013 þar sem henni var heimilað að heita nafni sínu hefur umræðan um lagaumhverfi mannanafna verið hávær, þó umræðan sé að sjálfsögðu mun eldri. Héraðsdómur sagði í máli Blævar að rétturinn til nafns félli undir vernd stjórnarskrárákvæðis um friðhelgi einkalífs. Þannig má aðeins takmarka réttinn til nafns með sérstakri lagaheimild ef brýna nauðsyn ber til.

Í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær sagðist Guðrún Kvaran, formaður Íslenskrar málnefndar, hafa áhyggjur af því að sú venja að íslensk börn bæru föður- eða móðurnöfn sín sem kenninöfn myndi leggjast af. Nú þegar væri farið að örla á þessu, heilu fjölskyldurnar tækju sér sama millinafnið og slepptu föðurnafninu, þannig að millinafnið væri í raun orðið eftirnafn.

Guðrún er einn ötulasti baráttumaður þjóðarinnar fyrir vernd íslenskrar tungu. Og það er skiljanlegt að breytingar þessar valdi henni og öðrum sem hafa áhyggjur af íslenskunni áhyggjum. Mögulega eru áhyggjurnar réttmætar og ef til vill munu þessar breytingar á nöfnum hafa enn meiri áhrif á íslenskuna en þessi.

En þau áhrif eru ásættanlegur fórnarkostnaður vegna þeirrar mannréttindaverndar sem frumvarpið veitir. Réttindum einstaklinga til að velja sér og niðjum sínum nöfn er veittur skýr og afdráttarlaus forgangur fram yfir hagsmuni annarra af því að takmarka það frelsi. Flestar heimildir ríkisvaldsins til afskipta af mannanöfnum eru felldar niður, til samræmis við mannréttindaákvæðin.

Með breyttri samfélagsgerð hefur því sjónarmiði vaxið ásmegin að réttur manns til að ráða sjálfur nafni sínu og barna sinna vegi þyngra en hagsmunir samfélagsins af því að takmarka þennan rétt. Nafn hvers manns hefur verið talið einn mikilvægasti þáttur sjálfsmyndar hans. Hingað koma útlendingar sem verða hluti af íslensku samfélagi, eignast börn og Íslendingar fæðast í útlöndum þar sem þeir mega heita það sem þeir vilja.

Forsjárhyggja mannanafnalaganna er úrelt í því nútímasamfélagi sem við höfum komið okkur upp. Sé vilji fyrir því, sem líklegt má telja að sé, að varðveita hefðir íslenskunnar sem snúa að mannanöfnum munu Íslendingar gera það sjálfir, án hjálpar frá sérfræðingum í nefndum á vegum hins opinbera.

Foreldrar íslenskra barna verða hin nýja mannanafnanefnd.

**Forsjárhyggja mannanafnalaganna er úrelt í því nútímasamfélagi sem við höfum komið okkur upp.**

FRÉTTABLAÐIÐ

59,5%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.

Gallup, janúar–mars 2016



Allt sem þú þarft ...

### Halldór




## Frá degi til dags

**Fagnaðarefni**

**Það hefur stundum verið kvartað yfir því að lög og reglugerðir séu of íþyngjandi og eftirlitskerfið á Íslandi sé of stórt. Í einhverjum tilfellum á slík gagnrýni rétt á sér, en í öðrum ekki. Flestum er þó orðið löngu ljóst að lög um mannanöfn og störf mannanafnanefndar eru barn síns tíma. Þess vegna er fagnaðarefni að í innanríkisráðuneytinu hafi verið samið frumvarp þar sem helstu ákvæði mannanafnalaga eru lögð af. Og það er enn mikilvægara að pólitískur stuðningur virðist ríkja um þessi lög.**

**Límd við sjónvarpið**

**Yfir hásumarið leggst samfélagið í dvala og fréttirnar verða minna spennandi, oft með örfáum undantekningum. Þegar Ólafur Ragnar Grímsson tilkynnti í nýársávarpi að hann gæfi ekki kost á sér aftur í embætti forseta Íslands gerðu einhverjir sér vonir um að nú yrði breyting á. Í hönd færi spennandi kosningabarátta sem gaman yrði að fylgjast með. En allt frá því að Guðni Th. Jóhannesson gaf kost á sér hefur enginn vafi leikið á því að hann ætti kosningu í embætti vísa. Og öll spenna virðist á bak og burt. En guði sé lof fyrir knattspyrnulandsliðið, sem heldur okkur flestum límdum við sjónvarpið.** jonhakon@frettabladid.is

## Leiðin að betri heilbrigðisþjónustu



Oddný Harðardóttir
formaður Samfylkingarinnar

Við í Samfylkingunni viljum leiða stærsta verkefni næsta kjörtímabils sem verður endurreisn heilbrigðisþjónustunnar. Við veljum leið samhjálpar, umhyggju og jöfnuðar í stað samkeppni um sjúklinga.

Hrunið og kreppan sem henni fylgdi leiddi óhjákvæmilega til niðurskurðar í heilbrigðismálum, en hnignun heilbrigðiskerfisins hófst því miður löngu fyrir hrun. Skortur á fjárfestingum og rekstrarfé blasir við hvert sem litið er. Þótt sjúklingum hafi á sama tíma fjölgað vegna hækkandi aldurs þjóðarinnar, hefur uppbygging sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva ekki fylgt þeirri þróun undanfarna áratugi. Aftur á móti hefur hlutur sjúklinga í rekstri kerfisins vaxið jafnt og þétt.

En sjúklingar eiga ekki að þurfa að taka upp veskið þegar þeir þurfa á læknishjálp að halda, og Íslendingar munu seint sætta sig við lakari og dýrari þjónustu en þekkist hjá nágrannaþjóðum okkar. Þess vegna viljum við í Samfylkingunni að heilbrigðisþjónustan verði í framtíðinni gjaldfrjáls.

**Svo að heilbrigðisþjónustan verði betri viljum við jafnframt:**

- Efla heilsugæsluna um allt land
- Hefja byggingu nýs Landspítala við Hringbraut
- Eyða löngum biðlistum eftir nauðsynlegum aðgerðum hratt og örugglega
- Uppbyggingu hjúkrunarheimila fyrir aldraða og langveika þar sem búið er vel að fólki með persónulegri þjónustu
- Betra aðgengi að geð- og sálfræðiþjónustu með áherslu á börn og ungt fólk
- Og lögfesta notendastýrða persónubundna aðstoð

Markmiðið er skýrt því öll viljum við betri heilbrigðisþjónustu, en það skiptir máli hvernig verkefnið verður leyst. Við vitum að með gildi og forgangsröðun Samfylkingarinnar – jafnaðarmannaflokks Íslands að leiðarljósi, munum við gera það vel.

**Skortur á fjárfestingum og rekstrarfé blasir við hvert sem litið er.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
LÍFIÐ: Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Forsetinn og stjórnarskráin

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Fimm karlar og fjórar konur bjóðast nú til að gegna embætti forseta Íslands næstu fjögur ár. Frambjóðendurnir níu virðast hafa býsna ólíkar hugmyndir um hlutverk forsetans. Misræmið virðist stafa m.a. af því að gildandi stjórnarskrá frá 1944 kveður ekki skýrt á um hlutverk og valdsvið forsetans heldur býður hún upp á mistúlkanir og er því meingölluð og mætti nefna marga fleiri galla til sögunnar.

**Málskotsrétturinn**

Ólíkar hugmyndir um valdsvið forsetans komu skýrt fram 2004 þegar forseti Íslands beitti málskotsrétti sínum í fyrsta sinn með því að vísa umdeildum fjölmiðlalögum í þjóðaratkvæði. Þennan rétt vissu flestir að forsetinn hefur skv. 26. grein stjórnarskrárinnar þótt málskotsrétturinn lægi óvirkjaður fyrstu 60 ár lýðveldistímans. Lögfræðingar og aðrir stigu ýmsir fram 2004 líkt og varðhundar fyrir stjórnmálaflokkana á Alþingi til að vefengja málskotsrétt forsetans. Það var þó einmitt til höfuðs flokkunum á Alþingi að málskotsrétturinn var að gefnu tilefni settur í stjórnarskrána 1944 að frumkvæði Sveins Björnssonar síðar forseta Íslands til að tryggja almannahag og til að skerpa valdmörk og efla mótvægi (e. checks and balances). Nú hefur málskotsréttinum verið beitt þrisvar. Nýja stjórnarskráin sem kjósendur samþykktu 2012 kveður skýrt á um málskotsrétt forsetans og einnig til frekara öryggis um rétt 10% kjósenda til að skjóta lögum frá Alþingi í þjóðaratkvæði. Um málskotsréttinn er enginn ágreiningur meðal frambjóðendanna níu.

**Einn gegn átta**

Í ljósi þessarar sögu vekur það athygli að flestir forsetaframbjóðendurnir nú ef Sturla Jónsson vörubílstjóri er undan skilinn virðast ekki líta svo á að forseti Íslands geti lagt fram frumvörp á Alþingi. Enginn frambjóðandi nema Sturla hefur fjallað um málið eða lýst áhuga á því. E.t.v. halda þau eins og varðhundarnir frá 2004 að forsetinn hafi ekki slíka heimild og þess vegna hafi henni aldrei verið beitt. Sé svo fara þau villur vegar. Þetta er rétt hjá Sturlu. Hér eru rökin.

**Forsetinn getur lagt fram frumvörp**

Skoðum málið lið fyrir lið. Að sönnu eru smíðagallar á gömlu stjórnarskránni og valda því að stundum þarf að lesa saman greinar til að komast að kjarna máls. Einmitt þessi samlestrarþörf virtist rugla suma í ríminu 2004 og veitti um leið vatni á myllu þeirra sem tortryggðu málskotsréttinn. Greinar Reynis Axelssonar stærðfræðings í Morgunblaðinu 2004 tóku öðrum greinum



**Um málskotsréttinn er enginn ágreiningur meðal frambjóðendanna níu.**

fremur af tvímæli um málskotsréttinn enda er ekki lengur um hann deilt. Lagaprófessorarnir Eiríkur Tómasson og Sigurður Líndal tóku í sama streng og Reynir.

Í 25. gr. stjórnarskrárinnar stendur: „Forseti lýðveldisins getur látið leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga og annarra samþykkta.“ Þetta getur varla skýrara verið. Sumir segja: Já, en í 13. grein stendur: „Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt.“ Eðlilegt virðist þó í samræmi við rök Reynis Axelssonar varðandi málskotsréttinn að líta svo á að 13. greinin eigi ekki við hér þar eð rétturinn til að leggja frumvörp fyrir Alþingi felur ekki í sér vald. Eðlileg túlkun 13. greinar er að ráðherrar með ráðuneytisstarfsmenn á sínum snærum geti létt undir með forsetanum með því að sjá um framkvæmdaratriði fyrir hann.

Vilji menn túlka 13. greinina svo bókstaflega að forsetinn geti ekkert gert nema fyrir atbeina ráðherra þótt sú túlkun stangist á við grundvallaratriði stjórnskipunarinnar skv. stjórnarskránni með málskotsrétti auk annars, þá sér stjórnarskráin við því þar eð í 15. grein hennar segir: „Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn.“ Sumir virðast líta svo á að í stjórnskipun Íslands sé óskráð þingræðisregla, jafnsett skriflegri stjórnarskrá, og sú regla þrengi svigrúm forseta m.a. til að skipa ráðherra eftir eigin höfði þótt það standi skýrum stöfum í 15. greininni. Þessi óskráða regla, sé hún til staðar, er skálkaskjól þeirra sem hafna öllu aðhaldi að Alþingi og var m.a. til hennar vísað þegar menn þrættu fyrir málskotsréttinn 2004.

Nýrri grein, nr. 38, var bætt í stjórnarskrána 1991 þegar deildaskipting Alþingis var afnumin en þar segir: „Rétt til að flytja frumvörp til laga og tillögur til ályktana hafa alþingismenn og ráðherrar.“ Þessi réttur nær augljóslega einnig til utanþingsráðherra. Þar sem 38. grein tryggir rétt ráðherra (og alþingismanna!) til að flytja frumvörp til laga, þá hlýtur 25. greinin að fjalla um eitthvað annað en 38. grein. Með öðrum orðum: 25. greinin getur ekki verið bundin við heimild til ráðherra að leggja fram frumvörp til laga fyrir hönd forseta. Þess vegna þarf að skilja og túlka 25. greinina eins og hún er orðuð, þ.e. sem heimild eða rétt forseta til að leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga.

**Já, forsetinn getur lagt fram frumvörp**

Í þessu ljósi sjáum við að forseti Íslands hefur heimild eða rétt skv. stjórnarskránni frá 1944 til að leggja frumvörp fyrir Alþingi á eigin spýtur. Kjósi forsetinn eigi að síður að leita eftir atbeina ráðherra og takist honum ekki að fá sitjandi ráðherra til að flytja fyrir sig frumvarp skv. 38. grein, þá getur hann einfaldlega skipað nýjan ráðherra skv. 15. grein til að flytja frumvarpið. Lýsi þingið svo sem lög leyfa (en ekki stjórnarskráin, ekki enn) vantrausti á nýskipaðan ráðherra við slíkar kringumstæður til að aftra honum frá að leggja fram frumvarp forsetans, brýtur þingið gegn stjórnarskránni, þ.e. þeirri grein hennar, 25. grein, sem veitir forsetanum heimild til að leggja frumvörp fyrir Alþingi.

Forseta Íslands er því heimilt skv. gildandi stjórnarskrá að leggja m.a. nýju stjórnarskrána sem kjósendur samþykktu með tveim þriðju hlutum atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 fyrir Alþingi, t.d. að loknum þingkosningum í haust verði Alþingi sjálft ekki fyrra til.

# Er kúkur í Sundlaug Kópavogs?



Lárus Jón Guðmundsson
sundlaugargestur

**Það sem eftir lifir gildistíma útgefinna korta er því í raun tapað fé korthafa.**

Sundlaug Kópavogs er ein besta laug höfuðborgarsvæðisins. Hún er 50 metra löng, undir beru og frísku lofti, aðstaða til fyrirmyndar og starfsfólk greiðvikið og viðmótsþýtt. Undanfarin ár hefur viðskiptavinum staðið til boða árskort á hagstæðu verði sem innifelur aðgang að lauginni og líkamsrækt í kjallara laugarinnar. Þá aðstöðu alla hef ég og hundruð annarra laugargesta nýtt til ánægju og heilsubótar þar til 31. maí.

Samkvæmt tilkynningu í anddyri laugarinnar hefur samningi við Gym ehf., sem sá um líkamsræktaraðstöðu Sundlaugar Kópavogs, verið rift og þeim gert að fjarlægja öll tæki og tól án tafar. Handhöfum árskorta Sundhallar Kópavogs er boðið að fara í svokallað Sporthús, annars staðar í Kópavogi, til líkamsræktar og þar ku ekki vera nein sundlaug. Í samræðum við starfsfólk kom fram að það sé einnig alls óvíst að korthafar geti áfram fengið aðgang að sundlauginni. Það sem eftir lifir gildistíma útgefinna korta er því í raun tapað fé korthafa.

Það gerast kaup á eyrum landsins alla daga árið um kring og ekkert við það að athuga. Stundum þarf að endurnýja húsnæði og sinna viðhaldi og það er heldur ekkert við það að athuga. Það sem er athugavert við þessi eyrarviðskipti öll er að laugargestir með gild árskort sitja eftir með skarðan hlut. Við erum rekin upp úr eins og eitthvað hafi fundist á floti í lauginni.

Mitt árskort gildir til septemberloka 2016. Nú „býðst“ mér að fara í Sporthúsið í hinum enda Kópavogs til líkamsræktar og hef enga möguleika á laugarferð. Ég set „býðst“ innan gæsalappa því í raun eru þetta afarkostir, taktu þennan kost eða tapaðu peningum þínum ella.

Þetta er ekki hvorki Sundlaug Kópavogs né Gym ehf til sóma. Sem tryggur og ánægður viðskiptavinur Sundlaugar Kópavogs fram að þessu geri ég kröfu um að Sundlaug Kópavogs bjóði korthöfum að velja einn eftirfarandi valkosta:

- Að fá andvirði eftirstandandi gildistíma útgefinna árskorta endurgreitt.
- Að eftirstandandi gildistími árskorts gangi upp í nýtt árskort að laug og líkamsrækt þegar líkamsræktaraðstaðan opnar í haust (með nýjum rekstraraðila).
- Að andvirði eftirstandandi gildistíma árskorts gangi upp í árskort að lauginni.

Að lokum skora ég á forstöðumenn Sundlaugar Kópavogs að falla ekki í þá gryfju að vísa allri ábyrgð á „undirverktaka“, ég keypti mitt árskort af Sundlaug Kópavogs og stunda mína líkamsrækt í Sundlaug Kópavogs og mæti í Sundlaug Kópavogs á morgnana. Því vil ég að Sundlaug Kópavogs leysi þetta mál í sátt við trygga viðskiptavini sína. Og til marks um hvað mér er hlýtt til Sundlaugar Kópavogs kemur heiti hennar alls 13 sinnum fyrir í þessari grein!

Það kann að vera gott að búa í Kópavogi en að óbreyttu er vont að eiga viðskipti í Kópavogi, sérstaklega ef maður skiptir við Sundlaug Kópavogs.




KRÓNAN
Jarðarber
-30%
Ferskt alla daga
Bláber
-20%
529 kr. pk.
Verð áður ~~769~~ kr. pk.
Jarðarber Driscolls 400g, Belgía
449 kr. pk.
Verð áður ~~569~~ kr. pk.
Bláber Driscolls 125g, Portúgal
TILBOÐIN GILDA TIL 19. JÚNÍ- AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN




## Ódýrt

Vanilluís og súkkulaðiís 2L

**399** kr. pk.




Frosin bláber 250g - 996 kr.kg

**249** kr. pk.




Frosin hindber 300g - 930 kr.kg

**279** kr. pk.

## Ódýrt




Frosin jarðarber 400g - 423 kr.kg

**169** kr. pk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

# KRÓNAN






**1299 kr. pk.**

ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN 2010

100% hágæða ungnautahamborgari, Brioche hamborgarabrauð, Fabrikkusósa og salt + pipar, 2 stk. í pakka

ENGIN AUKEFNI 100% UNGNAUTAHAKK

## 100% hamborgara-búðin þín

90g - 449 kr. pk.
120g - 569 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.

★★★

**Steikarborgari 120g**
20% fita - góður á grillið
569 kr. pk.

★★★

alltaf 2 stk. í pakka




**2199 kr. kg.**

Beibíbakk grísarif Fabrikkunnar




**169 kr. stk.**

Verð áður ~~199~~ kr. stk.

Whole Earth engifer öl, 33cl




**76 kr. stk.**

Kristall Mexíkó lime, 33cl



**499 kr. pk.**

Rösti kartöflur 6 stk.



**899 kr. pk.**

Grillborgarar með brauði 4stk.
Gott verð!



**649 kr. pk.**

Grillbakki maískólfar 4 stk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl



KRÓNAN
Sweet dream
-30%
Grísahnakkaspjót
Mangó marinering
Alabama marinering
1259 kr. kg
Verð áður 1799 kr. kg
Grísahnakkaspjót, Spánn
Marinerað af kjötmeistara Krónunnar
New York marinering
3699 kr. kg
Lambafile íslensk
-30%
Úrbeinaðar grísakótilettur
Hvítlauks og rósmarín
1596 kr. kg
Verð áður 2280 kr. kg
Grísakótilettur, Spánn
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 19. JÚNÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT





Birkir skýlir boltanum fyrir Raphaël Guerreiro, vinstri bakverði Portúgals, í leiknum í Saint-Étienne í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fyrirmynd annarra í liðinu

**Birkir Bjarnason virðist hvergi njóta sín betur en á stóra sviðinu, eins og sást þegar hann skoraði fyrsta mark Íslands á EM í Frakklandi. Lars Lagerbäck segir mikinn mun á honum innan vallar og utan.**

EM2016



Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is

**FÓTBOLTI** Þegar tilefnin eru stærst hjá íslenska landsliðinu virðast fáir njóta sín betur en Birkir Bjarnason. Það sannaðist enn og aftur í Saint-Étienne í fyrradag er hann skoraði jöfnunarmarkið gegn Portúgal og fyrsta mark Íslands í úrslitakeppni í stórmóti A-landsliða karla.

„Það er sama hvort við erum á æfingu, í vináttulandsleik eða keppnisleik, Birkir er alltaf eins. Hann er afar einbeittur ungur maður og ekkert sem truflar hann,“ sagði Heimir Hallgrímsson, annar landsliðsþjálfara Íslands, við Fréttablaðið fyrir æfingu liðsins í Annecy í gær.

Strákarnir voru þá að jafna sig eftir leikinn gegn Portúgal kvöldið áður og var Birkir þeirra á meðal. Það er ljóst að Birkir verður áfram í lykilhlutverki í liði Íslands á EM, líkt og hann hefur verið síðan Lars Lagerbäck tók við liðinu árið 2011.

### Rólegur utan vallar

Lagerbäck neitar því ekki að nafn Birkis hafi verið á meðal þeirra fyrstu á leikskýrslu hjá honum.

„Ég held að það sé ekki röng fullyrðing enda er nóg að líta yfir leikina í undankeppninni til að sjá hvaða leikmenn spila í þeim,“ sagði Lagerbäck við Fréttablaðið í gær. Hann hefur greinilega gott álit á Akureyringnum.

„Hann er virkilega góð fyrirmynd fyrir íslenska liðið. Andlegur styrkur hans er virkilega mikill. Hann er harður í horn að taka á vellinum og leggur mikið á sig fyrir liðið,“ segir hann.

„En svo hittirðu hann utan vallar og sérð þá þennan rólega mann. Maður trúir því varla að þetta sé sama manneskjan. Já, hann er virkilega góð fyrirmynd fyrir íslenska knattspyrnu.“

### Gerir lítið úr eigin þætti

Birkir hefur reynst íslenska liðinu vel, þá sérstaklega í stærstu leikjunum. Hann fékk til að mynda vítaspyrnurnar í báðum leikjunum gegn Hollandi í síðustu undankeppninni og gekk frá útileiknum gegn Kasakstan þar sem Ísland vann 3-0 sigur.

Ég hitti Birki á hóteli íslenska landsliðsins í Annecy á laugardaginn og spurði hann þá út í hvort hann nyti sín sérstaklega vel á stóra sviðinu, fremur en í öðrum leikjum.

„Okkur líður öllum vel gegn bestu liðunum. Við höfum ekki átt góða leiki gegn minni þjóðum í leikjum sem skipta minni máli. Þannig er það hjá okkur öllum í hópnum en við erum sterkari en við höfum sýnt í æfingaleikjunum,“ sagði Birkir og vildi greinilega sem minnst gera úr sínum þætti. Hann vísaði eingöngu til þeirrar sterku liðsheildar sem hefur einkennt íslenska liðið undanfarin ár.

> **Hann er afar einbeittur ungur maður og það er ekkert sem truflar hann.**
>
> Heimir Hallgrímsson



> **En svo hittirðu hann utan vallar og sérð þá þennan rólega mann. Maður trúir því varla að þetta sé sama manneskjan.**
>
> Lars Lagerbäck



> **Birkir hefur skorað sjö mörk í 48 landsleikjum og vantar eitt mark til að komast í hóp tuttugu markahæstu leikmanna Íslands frá upphafi.**

### Hans besta tímabil á ferlinum

Birkir átti frábært tímabil með Basel í Sviss í vetur. Hann varð svissneskur meistari og skoraði tíu mörk fyrir liðið í deildinni og þrjú til viðbótar í Evrópudeild UEFA. Dvölin í Sviss hefur gert honum gott og hann viðurkennir að hafa í fyrstu verið efins um að það hefði verið rétt skref að fara frá Ítalíu, þar sem hann hafði spilað síðustu ár, til Sviss.

„Ég var kominn með lið á Ítalíu sem ég ætlaði að semja við en breytti til á síðustu stundu. Ég er mjög ánægður með að hafa gert það,“ segir hann. „Þetta var mitt besta tímabil á ferlinum. Það segir sig sjálft að ég er orðinn betri í mörgum hlutum.“

Landsliðsþjálfararnir hafa mikið talað um þau gildi sem þeir vilji að einkenni liðið og leik þess. Heimir segir að Birkir endurspegli þau öll.

„Hann er ekta leikmaður sem við viljum hafa í okkar liði. Hann á afar sjaldan dapra leiki.“

## Stjarna gærdagsins á EM 2016

Marek Hamsík, leikmaður Napoli á Ítalíu, var maðurinn á bak við fyrsta sigur Slóvaka á EM í Frakklandi í gær en Slóvakar komu þá til baka eftir tap fyrir Wales og unnu 2-1 sigur á Rússum. Marek Hamsík lagði upp fyrra markið með frábærri sendingu inn á Vladimír Weiss á 32. mínútu og skoraði síðan seinna markið sjálfur á lokamínútu fyrri hálfleiks með frábæru skoti. Slóvakar lifðu á þessu í seinni hálfleiknum og tókst að landa þremur stigum.



**EM 2016 í Frakklandi í gær**

**A-riðill**

**Rúmenía - Sviss 1-1**
1-0 Bogdan Stancu (18.), 1-1 Admir Mehmedi (57.).

**Frakkland - Albanía 2-0**
1-0 Antoine Griezmann (90.), 2-0 Dimitri Payet (90+5)
**Stigin í A-riðlinum:** Frakkland 6, Sviss 4, Rúmenía 1, Albanía 0.

**B-riðill**

**Rússland - Slóvakía 1-2**
0-1 Vladimír Weiss (32.), 0-2 Marek Hamsík (45.), 1-2 Denis Glushakov (80.).
**Stigin í B-riðli:** Slóvakía 3, Wales 3, England 1, Rússland 1.

**Pepsi-deild karla í fótbolta**

**ÍBV- Breiðablik 0-2**
0-1 Ellert Hreinsson (3.), 0-2 Sjálfsmark (6.).

**Fjölnir - KR 3-1**
0-1 Michael Præst (27.), 1-1 Martin Lund Pedersen (44.), 2-1 Gunnar Már Guðmundsson (52.), 3-1 Marcus Solberg (72.),
**Annar tapleikur KR í röð og sá fjórði í síðustu fimm leikjum í deild og bikar.**

DUGAR NESTI STRÁKANNA?

Íslenska handboltalandsliðið mætir Portúgal í Porto í kvöld í seinni leik liðanna um laust sæti á HM í Frakklandi í janúar 2017. íslenska liðið hefur þriggja marka forskot eftir 26-23 sigur í fyrri leiknum í Laugardalshöllinni á sunnudaginn. Íslenska liðið hefur nú endurheimt fyrirliða sinn Guðjón Val Sigurðsson, sem missti af fyrri leiknum vegna meiðsla.




## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 17.00 | US Open 2016 | Golfstöðin |
| 17.00 | Demantamótaröð | Sport 2 |
| 19.30 | Valur - FH | Sport |
| 22.00 | Sumarmessan | Sport |
| 01.00 | NBA: Cavs-GSW | Sport |
| 01.30 | Bandaríkin - Ekvador | Sport 2 |
| 20.00 | Valur - FH | Valsvöllur |

## EM í dag

| | | |
|---|---|---|
| 13.00 | England - Wales | B-riðill |
| 16.00 | Úkraína - Norður Írland | C-rið. |
| 19.00 | Þýskaland - Pólland | C-riðill |

# HEFUR SAUMAÐ ÍSLENSKAN BÚNING Á ALLA FJÖLSKYLDUNA

Katrín Guðbjartsdóttir, leikskóla- og textílkennari, er mikil áhugamanneskja um íslenska þjóðbúninga og hannyrðir almennt. Hún hefur saumað búning á alla fjölskylduna og heldur áfram eftir því sem barnabörnunum fjölgar.


Katrín Guðbjartsdóttir hefur saumað þjóðbúning á alla fjölskylduna. Hér eru þau á útskrift Annríkis í Viðey á dögunum en Katrín hefur sótt námskeið Annríkis í þjóðbúningasaumi. MYND/KATRÍN

„Mér finnst þetta afskaplega skemmtilegt. Þetta er mitt áhugamál. Mér telst til að ég hafi saumað sjö búninga og prjónað búning á einn lítinn,“ segir Katrín Guðbjartsdóttir, leikskóla- og textílkennari. Katrín er mikil áhugamanneskja um íslenska þjóðbúninga og fékk sinn fyrsta búning sem barn, og á hann enn.

„Amma mín var alltaf í upphlut og þá var saumaður á mig upphlutur þegar ég var um sex ára. Ég hef alltaf haft áhuga á þessu. Þegar kristnitökuhátíðin var árið 2000 varð mikil vakning í þjóðbúningasaumi og ég saumaði minn fyrsta búning um það leyti, peysuföt. Þá saumaði ég einnig upphlut og barnabúning og lagfærði búninginn sem ég átti sem barn. Fyrir tveimur árum saumaði ég herrabúning á manninn minn. Ég byrjaði svo á faldbúningi á sjálfa mig árið 2004 og hef unnið í honum í rólegheitunum. Þegar dætur mínar fermdust, önnur árið 2005 og hin árið 2007, saumaði ég á þær upphluti sem þær nota enn í dag,“ segir Katrín.

Búningana hefur hún saumað undir handleiðslu Guðrúnar Hildar Rosenkjær og Ásmundar Kristjánssonar í Annríki, utan þess fyrsta sem hún saumaði hjá Heimilisiðnaðarskólanum.

„Þetta er heilmikil vinna og tekur sinn tíma. Á námskeiðinu í vetur var ég að vinna faldbúningstreyjuna og tók 40 tíma að prjóna ermarnar.“

Þjóðbúningar eru þó ekki það eina sem Katrín saumar en hvers konar handavinna leikur í höndunum á henni. „Ég prjóna mjög mikið og hef gaman af allri handavinnu. Áður fyrr saumaði ég mikið, bæði á mig sjálfa og á stelpurnar mínar. Þær voru orðnar fimm og sjö ára þegar þær fengu fyrstu keyptu jólakjólana. Ég saumaði á þær stúdentskjólana líka en saumaskapurinn hefur reyndar minnkað mikið seinni ár. En þó alltaf flík og flík.“


„Mér telst til að ég hafi saumað sjö búninga og prjónað búning á einn lítinn,“ segir Katrín Guðbjartsdóttir, leikskóla- og textílkennari.


Barnabúningur sem Katrín saumaði á eitt barnabarnanna.

Hvenær notar fjölskyldan þjóðbúningana? „Við notum þá alltaf á 17. júní og við fermingar stelpnanna var ég í búningi. Maðurinn minn var í sínum búningi þegar hann varð fimmtugur og þá mætum við í þjóðbúningamessu Hafnarfjarðarkirkju og Annríkis fyrir jólin. Á útskrift Annríkis í Viðey um daginn vorum við öll samankomin og í búningunum,“ segir Katrín. En er þægilegt að klæðast þjóðbúningum?

„Ef búningurinn passar vel á mann er ekkert mál að vera í þessu. Ég mætti í raun vera duglegri að nota búningana. Ég hef ekki orðið mér úti um gínu til að hafa búningana uppi við en það væri skemmtilegt. Það liggur auðvitað mikil vinna á bak við þá,“ segir Katrín og hefur ekki fengið nóg af saumaskapnum.

„Ég er ekki hætt. Ég ætla að sauma á minnsta barnabarnið í vetur. Mér finnst þetta bara svo gaman.“

heida@365.is




FJÖLSKYLDUDAGUR
Á GLERÁRTORGI 16. JÚNÍ

REYNDU EM TAKTANA MEÐ MEISTARAFLOKKI ÞÓRS
ERT ÞÚ KANNSKI NÆSTI LANDSLIÐSFYRIRLIÐI 14:00 - 15:00
ANDLITSMÁLUN 15:00 - 18:00
TRAMPOLIN 14:00 - 18:00
EM SPILASKIPTIMARKAÐUR TOYS"R"US 14:00 - 17:00
ÍS FYRIR BÖRNIN (Á MEÐAN BYRGÐIR ENDAST) 16:00 - 18:00
BLÖÐRUR FYRIR BÖRNIN 14:00 - 18:00

GLERÁRTORG
-af lífi & sál-

Glerártorg verslunarmiðstöð | Akureyri | www.glerartorg.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429



Guðrún Birna stílisti á tíu mismunandi sólgleraugu. Hér er hún með nýjustu tískugleraugun með lituðu speglagleri. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# LITUÐ SPEGLAGLER VINSÆL Í SUMAR

Þótt sólgleraugu séu sannarlega tískuvara eru þau fyrst og fremst til verndar fyrir augun gegn sólinni. Margir eru veikir fyrir flottum sólgleraugum og ný tíska skýtur upp kollinum á hverju ári.

Guðrún Birna Gísladóttir lífsstílsbloggari segir að sólgleraugu séu klárlega tískuvara. „Ég er mjög veik fyrir sólgleraugum,“ segir hún. „Tískan í sumar er virkilega skemmtileg, litrík og smart. Sólgleraugun eru stór og mikið um speglagler eða litað gler. Ég keypti mér einmitt um daginn stór gleraugu með grænbláum speglaglerjum, mjög flott og kostuðu ekki mikið,“ segir Guðrún Birna sem er um þessar mundir í fæðingarorlofi en dóttir hennar er tíu mánaða.

Það hefur sannarlega verið veðrið til að vera með sólgleraugu undanfarna daga. Knattspyrnuunnendur hafa sett upp sólgleraugu skreytt íslenska fánanum til stuðnings íslenska landsliðinu á EM. Tískufólkið setur hins vegar frekar upp sólgleraugu með lituðu speglagleri.

„Það eru til mjög margar gerðir af stórum og flottum sólgleraugum. Um að gera að máta og finna þá umgjörð sem hentar manni. Flestum fer vel að vera með stór sólgleraugu. Fylgihlutir setja punktinn yfir i-ið,“ segir Guðrún Birna sem sjálf á tíu sólgleraugu. Hún bloggar á vefnum lady.is. „Ef maður kaupir sér dýr og fín sólgleraugu má segja að það sé fjárfesting til margra ára. Svo er ekkert að því að eiga nokkur ódýrari, bara passa að þau séu með UV-vörn. Mjög gaman að breyta til og setja upp mismunandi gleraugu.“

Helstu tískutímarit heimsins hafa fjallað um sólgleraugnatískuna. InStyle tímaritið segir: Spegill, spegill og bendir á að lituð speglagler séu það heitasta í sumar. Í blaðinu er greint frá því að regnbogalitirnir í speglaglerjunum séu ótrúlega flottir og passi vel við sumarlegan klæðnað. Stjörnurnar í Hollywood, sem gjarnan leiða tískuna, hafa sést á götum í Los Angeles með regnbogalit speglagleraugu. Meðal þeirra er raunveruleikastjarnan Olivia Palermo sem er þó einna frægust fyrir að vera dóttir auðkýfings. **elin@365.is**



**Hluti af safninu hennar Guðrúnar Birnu. Hún er mjög ánægð með Ray Ban-gleraugun með appelsínulitaða glerinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR





**Guðrún Birna bloggar á vefnum lady.is. Hún benti á þessar gerðir af sólgleraugum á síðunni sinni.**







TRI
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
SHIMANO
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
SPORTVER
CUBE - Akureyri
Vaskur
CUBE - Egilsstaðir
WOW
CYCLOTHON
ParkTool
CUBE 2016
CUBE HYBRID
CUBE RACER
CUBE 27,5"
CROSS RACE 2016
ParkTool
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga kl. 10:00 - 16:00













# ANDERSON Á SKÓLALÓÐINNI

**J.W. Anderson** sýndi nýjustu karlfatalínu sína í London í vikunni. Hönnuðurinn, sem er þekktur fyrir kynleysi í hönnun sinni, skipti um gír og sneri sér að litríkum klæðum sem vel ættu heima á skólalóðinni.







Á síðustu sýningu sinni í janúar vakti J.W. Anderson athygli fyrir kynlaus klæði og skemmtilega kynningu á félagsmiðlum. Silkináttföt og hár í anda Bjarkar einkenndi sýninguna sem þótti einstaklega vel heppnuð og fanga anda nútímans.

Sýning hönnuðarins á karlafatavikunni í London nýverið, þar sem sýnd var tískulína hans fyrir sumarið 2017, var af nokkuð öðrum meiði. Talið er að hann hafi verið undir nokkrum áhrifum frá nýloknu samstarfi sínu við rapparann A$AP Rocky.

Virtist mönnum hann vilja stíga einu skrefi lengra en hið þekkta kynleysi og hverfa til tíma áður en kyn skiptir nokkru máli, það er barnæskunnar.


Stærðir
36-56
TAX FREE
AF ÖLLUM VÖRUM!
Frábært úrval af úlpum, buxum, peysum, túnikum, leggings, bolum, kjólum og skóm!
Fjölnota burðarpoki fylgir með öllum kaupum!
ZIK ZAK
TÍSKUHÚS
TAX FREE DAGAR!
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM!
Tax free jafngildir 19,36% afslætti
Dagana 14-22. júní
Kjóll á mynd
Fullt verð 5.990kr
Tilboðsverð 4.830kr
Verslunin stendur skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

# STOLTUR STYRKTAR




Öll áheit í keppninni renna til Hjólakrafts í ár.
Kynnið ykkur liðin og styrkið gott málefni á
www.wowcyclothon.is

**Reykjavik Excursions er stoltur styrktaraðili Hjólakrafts sem hjólar til sigurs í WOW Cyclothon keppninni.**

# AÐILI HJÓLAKRAFTS





Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

Umferðarmiðstöðin BSÍ
101 Reykjavík
☎ 580 5400 • main@re.is
www.re.is • www.flybus.is












Rósa Björk og Katla Margrét, dóttir hennar og Hörpu, í leggings, með hringtrefil og húfu frá Charmtrolls Design.

# ÞÆGILEG OG TÖFF

Fötin sem Harpa og Rósa hanna og sauma undir merkinu Charmtrolls eru innblásin af barninu þeirra. Þau eru rokkaraleg, kúl og endingargóð.

Hörpu Sif Eyjólfsdóttur, doktorsnema í lýðheilsufræði, og Rósu Björk Sigurgeirsdóttur, nema í mastersnámi í stjórnun við Stockholms University og starfsmanni hjá sprotafyrirtækinu Looklet, fannst þörf á fötum sem væru á góðu verði, en sömuleiðis úr endingargóðu efni þegar þær áttu von á barni. Þá fór Harpa að sauma fyrir væntanlegt krílið og í kjölfarið fyrir vini og ættingja. Fljótlega fór það að vinda töluvert upp á sig og við það varð Charmtrolls Design til fyrir um einu ári. „Okkar sýn er að öll föt séu fyrir öll börn óháð kyni og við markaðssetjum ekki stráka- eða stelpuföt, heldur einfaldlega barnaföt. Við saumum allt heima í stofu og seljum aðeins í gegnum heimasíðuna charmtrolls.tictail.com og höldum þannig verðinu viðráðanlegu fyrir foreldra ungra barna,“ útskýrir Harpa en hún sér um hönnun fatanna og saumaskap, en Rósa sinnir bókhaldi fyrirtækisins.



Harpa Sif með dóttur sinni. Harpa hefur saumað frá því hún var barn og þegar dóttirin var væntanleg fór hún strax að sauma á hana.

### ÞÆGINDIN Í FYRIRRÚMI

Harpa hefur saumað lengi, í raun síðan hún var barn, en þá saumaði hún með móður sinni. „Ég hef alltaf látið hugmyndaflugið ráða og ekki verið að binda mig við snið. Mörgum klukkustundum hefur verið eytt síðustu tvö árin við saumavélarnar en Rósa er að læra óðfluga.“

Þær segjast ekki pæla mikið í tísku og tískustraumum við hönnun barnafatanna heldur hanna þær og sauma það sem þeim finnst fallegt hverju sinni. „Þægindi eru í algjöru fyrirrúmi, það eru börn sem klæðast fötunum og þau þurfa að geta hreyft sig hindrunarlaust. Þá handveljum við öll efni og reynum að nota aðeins lífræn efni sem hafa fengið gæðastimpil (OEKO-TEX) á öllum stigum í framleiðslunni,“ segir Harpa.

Rósa bætir við að barnið þeirra sé vítamínsprauta fyrirtækisins og haldi þeim á tánum. „Barnið okkar er okkar stærsti innblástur, hún er mjög sterkur og svalur karakter og fötin bera þess merki líka en þau eru frekar töff og kúl að okkar mati. Barnið er mikill orkubolti og þá verður enn þá mikilvægara að fötin séu endingargóð og þægileg,“ segir hún og brosir.

### DRAUMURINN AÐ FLYTJA HEIM

Harpa segir erfitt að segja til um hver sé eftirlætisflíkin af þeim sem hún hefur hannað. „Bæði stuttermabolurinn sem við gerðum fyrir sumarið og klofsíðu harem-buxurnar eru í miklu uppáhaldi. Stuttermabolurinn er síðari að aftan, með upprúlluðum ermum og ófrágengnum endum – rokkaralegur og flottur. Harembuxurnar eru með skemmtilegum vasa að framan og ótrúlega þægilegar fyrir börnin.“

Spurðar út í nafnið á hönnuninni segja þær það hafa verið í raun algjöra tilviljun hvernig það kom til. „Við rákumst á mynd þar sem undir stóð á sænsku „lilla charmtrollen“. Við höfðum þá verið að reyna að finna nafn sem gæfi til kynna að um barnamerki væri að ræða og þetta passaði fullkomlega.“

Fjölskyldan býr í Stokkhólmi þar sem þær Harpa og Rósa hafa búið síðastliðin fimm ár. „Okkur líður rosalega vel í Svíþjóð og erum ekkert á leiðinni heim næstu fimm árin eða svo. Draumurinn er þó að flytja heim til Íslands á endanum.“



Markmið með hönnun Hörpu og Rósu er að fötin séu þægileg og að börnin geti hreyft sig hindrunarlaust í þeim.



Hjá Charmtrolls eru öll föt fyrir öll börn óháð kyni og ekki eru markaðssett sérstök stráka- eða stelpuföt.



Þessi bolur er í uppáhaldi hjá Hörpu.

# FULL BÚÐ AF NÝJUM SUMARVÖRUM Á FRÁBÆRU VERÐI


KJÓLL
VERÐ: 9.990 KR
STÆRÐIR 14-20


TOPUR
VERÐ: 2.990 KR
STÆRÐIR 16-24


KJÓLL
VERÐ: 10.990 KR
STÆRÐIR 16-26


TOPPUR
VERÐ: 3.990 KR
STÆRÐIR 14-20


TÚNIKA
VERÐ: 5.990 KR
STÆRÐIR 16-24


LEGGINGS
VERÐ: 3.500 KR
STÆRÐIR 12-20


KJÓLL
VERÐ: 6.990 KR
STÆRÐIR 14-20


ERMAR
VERÐ: 3.990 KR
STÆRÐIR 14-28


GALLAJAKKI
VERÐ: 9.490 KR
STÆRÐIR 14-20


KJÓLL
VERÐ: 6.490 KR
STÆRÐIR 14-22


KJÓLL
VERÐ: 8.990 KR
STÆRÐIR 14-22


KJÓLL
VERÐ: 4.990 KR
STÆRÐIR 14-24

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun okkar að Fákafeni 9

Alla virka daga frá kl.11-18
Laugardaga frá kl. 11-16
ATH! LOKAÐ 17 júní

SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!

Curvy.is

Fákafeni 9, 108 RVK
Sími 581-1552 | www.curvy.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**8 MANNA MOLI**
TOYOTA Land Cruiser 120 GX 8 manna. Árgerð 2006, ekinn aðeins 143þ.km. dísel, sjálfskiptur. Rosalega gott og vel með farið eintak! Ný tímareim, krókur o.fl. Verð 3.990þ. Til sýnis og sölu á Bílalíf bílasölu, Rnr.250275.



**NÝTT HÚS Á AÐEINS 1.990Þ.!!!**
Glænýtt hjólhýsi á kynningarverði aðeins 1.990þ. NIEWIADOW N126 m/ klósetti. Truma miðstöð, ísskápur o.fl. Aðeins 2 stk. eftir til sýnis og sölu hjá Bílalíf bílasölu, Kletthálsi 2, s:562-1717. Rnr.352458.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



LINCOLN Mark v diamond jubelee. Árgerð 1978, ekinn 14 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.880.000. Rnr.152412.



FORD Transit Custom. Árgerð 2016, Nýr bíll. Dísel, beinskiptur. Verð án Vsk. Verð 3.190.000. Rnr.210835.



HONDA Accord Elegance 2,0. Árgerð 2010, ekinn 81 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.210849.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27/ Dragháls megin,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN



LAND ROVER DEFENDER 110 nýskr. 06/2015, ekinn 20 Þ.km, diesel, 6 gíra, snorkel ofl. Verð 11.490.000. Raðnr.255138

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

100bílar.is bílasala



Lexus LX470, 8/2004, ek 165 þús km, sjsk, bensín, mjög flottur bíll, ásett verð 3.990 þús, er á staðnum, raðnr 152436.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga, lokað laugardaga**
**www.100bilar.is**

## 250-499 þús.



**TILBOÐ 390 ÞÚS 100% LÁN Í BOÐI**
Toyota Corolla 2001 ek.154 þús (mótor tekinn upp í 31 þus af umboði) ný skoðaður 17, beinskiptur, góður bíll ásett verð 450 þús Tilboð 390 þús möguleiki á 100% láni s841 8955

## 500-999 þús.



**FLOTTUR SPARIBAUKUR MEÐ TOPPLÚGU 690 ÞÚS**
Skoda Fabia Comfortline 10/2006 ek.145 þús beinsk, ný skoðaður 17, tímakeðja, ný dekk, topplúga, filmur álfelgur flottur og vel með farinn bíll sem eyðir litlu ásett verð 790 þús Tilboð 690 þús möguleiki á 100% láni S.841 8955


*Opið allan sólarhringinn*
*í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka*
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en '01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hópferðabílar



Ford Transit 16 manna rúta til sölu. Ný vél var sett í henni fyrir 2mur árum. Nýtt hedd. Ný tímakveðja. Nýr startari. Nýir bremsuklossar. Rútan lítur mjög vel út. Traustur bíll. Ásett verð: 2.5 m, stórt Lækkað verð: 1.8 m. Sími: 8998055

## Mótorhjól



**499 ÞÚS - 100% LÁN Í BOÐI**
Yamaha R1 1000cc árg'98 mjög vel með farið og flott hjól, ný keðja, Ásett verð 590þús Tilboð 499þús 100% lán í boði. s.691 9374

## Fellihýsi






RENAULT
**Megane Sport Tourer**
Nýskráður 6/2012, ekinn 66 þús.km., dísil, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.350.000**



PEUGEOT
**407SW V6**
Nýskráður 1/2006, ekinn 114 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.390.000**



## BÍLL DAGSINS
**Honda CR-V Elegance**
Nýskráður 5/2016, sýningarbíll frá umboði, bensín, sjálfskiptur 5 gírar.
**Verð kr. 5.940.000**



MAZDA
**3 h/b t**
Nýskráður 5/2008, ekinn 105 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.450.000**



HYUNDAI
**Santa Fe 4x4**
Nýskráður 8/2005, ekinn 175 þús.km., dísil, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.350.000**



HONDA
**Civic Sport 1.8i-Vtec**
Nýskráður 1/2008, ekinn 66 þús.km., bensín, 6 gírar.
**Verð kr. 1.690.000**



HONDA
**Accord Special Edition**
Nýskráður 7/2008, ekinn 150 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.790.000**



HONDA
**Jazz LS 1.4i**
Nýskráður 7/2008, ekinn 140 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.090.000**



HONDA
**CR-V Executive dísil**
Nýskráður 9/2014, ekinn 133 þús.km., dísil, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.990.000**

**Opnunartími**
**Mánudaga - föstudaga**
**milli kl. 10:00 og 18:00**
**Lokað á laugardögum í sumar.**

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Til bygginga

Sem ný steinslípuvél til sölu. Hentar fyrir slípunar á parketi og steinslípu. Sirka 350 stálstoðir fyrir undirsláttplötu. Uppl í síma 7725607

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Nudd með ilmolíum. Nuddstofan, opið frá 09-19 og á laugardögum. S. 773 5452

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU 285 FM IÐNAÐARBIL Í REYKJAVÍK**

285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði

**IÐNAÐAR/ GEYMSLUHÚSNÆÐI**

Óskum eftir ca. 20-40 fm upphituðu geymslu/iðnaðarplássi fyrir verkfæri og tæki iðnaðarmanna. Verðhugmynd 30 - 50 þús. Þorsteinn 893-6994.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**SUMARTILBOÐ**

á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**SUMARSTARF**

Hótel Heiðmörk óskar eftir að ráða starfsfólk við þrif og frágang á herbergjum og fleira. Upplýsingar í síma 8987510 eða 564 6600

**AUKAVINNA**

Starfsfólk óskast á kvöld og helgarvaktir í sjoppu í 101 RVK. Uppl. sendist á: atvinna234@gmail.com

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**

Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.

**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**


EM Í BEINNI

**EM í beinni!**

**Ísland - Ungverjaland**

**Laugardaginn 18. júní kl. 16:00**

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*



**Hljómsveitin Klettar**

**Rúnar Þór, Rúnar Villa Valla, Björgvin Gísla og Siggi Árna spila í kvöld.**

Allir velkomnir

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

Endalaust 365

NET

1.000 KR.*

ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN

* Fylgir með völdum tilboðspökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is

1817 | 365.is


Selfossi, 13. júní 2016
1602182 BG

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Auglýsing

## Um tillögu að deiliskipulagi dælustöðvar við Hraunstekk í Sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi dælustöðvar hita og vatnsveitu við vegamót Eyrarbakkavegar og Gaulverjabæjarvegar í Sveitafélaginu Árborg.

Deiliskipulagstillagan nær til lóðarinnar Hraunstekks sem er 8.845 m2 lóð sem stofnuð er úr landi Gamla- Hrauns, landnr. 165864.

Aðkoma að skipulagssvæðinu er frá Gaulverjabæjarvegi um 119m frá vegamótum við Eyrarbakkaveg nr 34.
Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir því að byggð verði dælustöð fyrir bæði hitaveitu og vatnsveitu.
Við dælustöðina verður lagt plan, sem nýtt verður sem athafnarsvæði vegna starfseminnar.

Teikningar ásamt greinagerð, vegna tillögunnar munu liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi frá og með fimmtudeginum 16.júní 2016 til og með fimmtudagsins 28.júlí 2016.
Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 28.júlí 2016 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.
Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið skipulag@arborg.is

*Bárður Guðmundsson*
*Skipulags- og byggingarfulltrúi*
*Árborg.*

Selfossi, 13. júní 2016
1507134 BG

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Auglýsing

## Um breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030 og að deiliskipulagsbreytingu sem hvoru tveggja tekur til miðbæjar Selfoss í Sveitarfélaginu Árborg.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 samkvæmt 1.mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingarnar eru þrjár : Breyting á landnotkun við bæjargarð, fjölgun tenginga úr hringtorgi við Tryggvatorg og breyting á þróunn þjéttbýliskjarna er varðar miðbæjarsvæði Selfoss. Lagt er til að miðsvæði verði lengt til suðurs inn í bæjargarð og um leið að blönduð íbúðarlóðum við Tryggvagötu til norðurs inn á miðsvæðið næst Sigtúni. Er þessari breytingu ætlað að gefa aukið svigrúm til uppbyggingar miðsvæðisins innan nýs miðbæjar án þess að ganga á útivistar- og samkomusvæðið.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar auglýsir samhliða tillögu að breyttu deiliskipulagi miðbæjarins á Selfossi samkvæmt 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsreiturinn nær til samliggjandi svæða sem skilgreind eru í aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 sem miðsvæði og blönduð landnotkun, opið svæði til séstakra nota og svæði fyrir þjónustustofnanir. Svæðið afmarkast af Eyravegi og Austurvegi til norðurs og aðliggjandi íbúðarlóðum við Tryggvagötu til austurs,Sunnuvegi til suðurs og Kirkjuvegi til vesturs. Skipulagssæðið er alls um 6.5 ha að flatarmáli.

Megin markmið deiliskipulagstillögunar er að stuðla að frekari eflingu miðbæjarsvæðisins með blandaðri byggð verslunar, þjónustu og íbúða sem nýtast jafnt heimamönnum sem og gestum. Þar verður lögð áhersla á alhliða miðbæjarstarfsemi og ferðaþjónustu, samhliða því að stiyrkja miðbæjargarðinn með bættum tengingum. Stefnt era að því að miðbærinn geti orðið fjölsóttur áningastaður fyrir ferðamenn og sumarhúsagesti ásamt því að vera samkomustaður fyrir bæjarbúa. Lögð er áhersla á að skapa fjölbreytt umhverfi á manneskjulegan hátt þar sem dvalar- og göngusvæði komi til með að njóta skjóls gagnvart ríkjandi vindáttum og snúi móti sól.

Teikningar ásamt greinagerðum, vegna tilllagnanna munu liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi frá og með fimmtudeginum 16.júní 2016 til og með fimmtudagsins 28.júlí 2016.

Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 28.júlí 2016 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillögurnar og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangið skipulag@arborg.is

*Bárður Guðmundsson*
*Skipulags- og byggingarfulltrúi*
*Árborg.*

Selfossi, 13. júní 2016
1504330 BG

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Auglýsing

## Um tillögu að deiliskipulagsbreytingu Austurvegar 39-41 á Selfossi.

Samkvæmt 1.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagsbreytingu Austurvegar 39- 41 á Selfossi.

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að fallið verður frá byggingu tveggjs til þriggja hæða verslunar- og þjónustubyggingar auk þriggja íbúða. Þess í stað verði heimiluð þriggja til fjögurra hæða fjölbýlishús auk neðanjarðar bílgeymslu.
Tillagan gerir ráð fyrir byggigu 32-35 íbúða auk neðanjarðar bílgeymslu fyrir allt að 16 bílastæði. Á lóðinni er gert ráð fyrir 60 bílastæðum.

Teikningar ásamt greinagerð, vegna tillögunnar munu liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi frá og með fimmtudeginum 16.júní 2016 til og með fimmtudagsins 28.júlí 2016.
Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 28.júlí 2016 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.
Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið skipulag@arborg.is

*Bárður Guðmundsson*
*Skipulags- og byggingarfulltrúi*
*Árborg.*

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði

HORNAFJÖRÐUR

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum þann 6. júní 2016 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Flugvöll í Skaftafelli.

Markmið deiliskipulagsins er uppbygging flugvallar og mannvirkjum tengdum rekstri hans.
Deiliskipulagstillagan ásamt greinargerð verður til kynningar í Ráðhúsi sveitarfélagsins að Hafnarbraut 27, 780 Höfn og á heimasíðu sveitarfélagsins hornafjordur.is/stjórnsysla undir skipulag í kynningu, frá 16. júní til 28. júlí 2016.
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 28. júlí 2016 og skal skila skriflega á bæjarskrifstofur Hornafjarðar Hafnarbraut 27, 780 Höfn eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is.

**Gunnlaugur Róbertsson**
**Skipulagsstjóri**



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

markhönnun ehf

# nettó

Glæsilega þjóðhátíð

-20%

NETTÓ KJÚKLINGUR HEILL
679
ÁÐUR 849 KR/KG

KJÖTSEL
LAMBALÆRI FERSKT Í SALT & PIPAR
1.392
ÁÐUR 1.698 KR/KG

KJARNAFÆÐI
-30%
GRÍSALUNDIR NEW YORK
1.889
ÁÐUR 2.698 KR/KG

KJÖTSEL
-31%
LAMBALÆRISSNEIÐAR BLANDAÐAR
1.973
ÁÐUR 2.860 KR/KG

GOÐI
-20%
PÍTUBUFF M/BRAUÐI 6 X 60 G
1.278
ÁÐUR 1.598 KR/PK

COOP MAÍSSTÖNGLAR 2 STK - 400 G
259
ÁÐUR 279 KR/PK

Driscoll's
-50%
JARÐARBER 250 G
249
ÁÐUR 498 KR/PK

-25%
RÚGBRAUÐ MINNI SYKUR
299
ÁÐUR 398 KR/STK

PRÓTEINBRAUÐ LKL
384
ÁÐUR 549 KR/STK

-30%
LB HAFRABRAUÐ LÍFRÆNT
384
ÁÐUR 549 KR/STK

KNORR BOLLASÚPUR
249 KR STK

**www.netto.is | Tilboðin gilda 16. – 19. júní 2016 | Hefðbundinn opnunartími 17. júní**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss



Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ragnhildur Eyja Þórðardóttir**

fyrrverandi deildarstjóri í heilbrigðisráðuneytinu,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju
þriðjudaginn 21. júní kl. 15.00.

Þeim sem vilja minnast hennar er bent á
styrktarfélagið Göngum saman.

**Sigríður Elín Sigfúsdóttir** **Oddur Carl Einarsson**
**Arnór Þórir Sigfússon** **Gunnhildur Óskarsdóttir**
**Gunnlaugur Sigfússon** **Sólveig Kristjánsdóttir**
**barnabörn og fjölskyldur.**



Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug
vegna andláts og útfarar

**Guðrúnar Þóru Hafliðadóttur**
**(Dunnu)**
áfengisráðgjafa.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á
hjúkrunarheimilinu Eir fyrir frábæra
þjónustu.

**Rúnar Guðbjartsson**
**Hafdís Rúnarsdóttir** **Karl Friðriksson**
**Guðbjartur Rúnarsson** **Sara T. Rúnarsdóttir**
**Kristinn Steinar Kristinsson**
**Rúnar Rúnarsson** **Usa Klangengern**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Rafn Gestsson**

fyrrv. bankafulltrúi,
Árskógum 8 (áður Háaleitisbraut 28),
Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 4. júní. Útförin fer
fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 22. júní klukkan 13.

**Helga Guðrún Helgadóttir**
**Lára S. Rafnsdóttir** **Jóhannes Atlason**
**Theodóra Guðrún Rafnsdóttir**
**Hlöðver Örn Rafnsson** **Sigríður Sverrisdóttir**
**Högni Rafnsson** **Antonia Gutes Turu**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

**Þórleif Elísabet Stefánsdóttir**

fyrrum húsfreyja á Gili,
síðar Hólmagrund 12, Sauðárkróki,

andaðist þann 10. júní sl. á
Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki, deild 2.
Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju mánudaginn
20. júní kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Guðrún Skarphéðinsdóttir** **Herbert Hjálmarsson**
**Pálína Skarphéðinsdóttir** **Jens Berg Guðmundsson**
**Þuríður Skarphéðinsdóttir** **Kjartan Antonsson**
**Stefán Skarphéðinsson** **Ólína Rögnvaldsdóttir**
**Sóley Skarphéðinsdóttir** **Gestur Þorsteinsson**
**Símon Skarphéðinsson** **Brynja Ingimundardóttir**
**Elísabet Skarphéðinsdóttir** **Ragnar Ingólfsson**
**Alda Skarphéðinsdóttir** **Jón Ól. Sigfússon**
**Sigurbjörn Skarphéðinsson** **Ingibjörg M. Valgeirsdóttir**
**Sigurjóna Skarphéðinsdóttir** **Ólafur Friðriksson**
**Hafdís Skarphéðinsdóttir** **Hrólfur Sigurðsson**
**Sveinn Skarphéðinsson**
**Sigríður K. Skarphéðinsdóttir** **Reynir Hjörleifsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og
útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða
hringja í síma 512 5000.



**Hér má sjá mynd sem tekin var á Secret Solstice í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Sólstöðuhátíðin fagnar þriggja ára afmælinu í dag

**Búast má við að gleðin verði allsráðandi í Laugardalnum frá með deginum í dag og fram yfir helgi. Tónlistarhátíðin Secret Solstice er haldin hátíðleg í þriðja skiptið. Á hátíðinni koma fram 177 listamenn og er mál manna að mesta eftirvæntingin sé eftir Radiohead.**

„Við erum gríðarlega stolt og spennt fyrir komandi dögum, um 600 manns vinna hörðum höndum að því að byggja upp glæsilegt hátíðarsvæði,“ segir Ósk Gunnarsdóttir, kynningarfulltrúi Secret Solstice.

Hátíðin er fremur ung að árum en hún var fyrst haldin árið 2014 og fer því fram í þriðja skipti núna um helgina.

„Hátíðin er alltaf að stækka og er nú þrisvar sinnum stærri en í fyrra. Fimmtán þúsund manns munu koma saman í Laugardalnum um helgina þar sem gleðin verður allsráðandi,“ segir Ósk.

Á hátíðinni koma fram 177 tónlistarmenn, bæði erlendir og innlendir, af fjölbreytilegum og ólíkum toga. Breska rokksveitin Radiohead verður með stærsta atriði tónlistarhátíðarinnar í ár, en þekktir listamenn í bland við ný nöfn, munu halda uppi hátíðarstemningunni.

„Það er gaman að geta boðið gestum upp á hljómsveit af þessari stærðargráðu. Ég sjálf er mikill aðdáandi sveitarinnar og hlakka til þess að fá loksins að sjá hana,“ segir Ósk og bætir við að mikil spenna sé fyrir helginni. **gudrunjona@frettabladid.is**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu
okkur samúð og hlýhug vegna
andláts og útfarar okkar ástkæru
eiginkonu, móður, tengdamóður
og ömmu,

**Kristínar Ernu Gísladóttur**

Nesbala 118, Seltjarnarnesi.

**Örn Baldursson**
**Gísli Þór Arnarson** **Eyrún S. Gestsdóttir**
**Þórður Bjarki Arnarson** **Sigurhanna Kristinsdóttir**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir samúð og
hlýhug við andlát og útför
eiginmanns míns, föður okkar
og tengdaföður,

**Jóns Ágústssonar**

Höfðabraut 5, Hvammstanga.

Sérstakar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks á
Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga.

**Ásta Þórhallsdóttir**
**Þórhallur Jónsson** **Hólmfríður Ósmann Jónsd.**
**Helga Jónsdóttir** **Þorbjörn Gíslason**
**og fjölskylda hins látna.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir og afi,

**Hrólfur Smári Jónasson**

Fróðengi 7,

lést á líknardeild Landspítalans í
Kópavogi 1. júní. Útförin fór fram
í kyrrþey.

**Else B. Olsen**
**Ann Kristín Hrólfsdóttir** **Þórður Ingimar Kristjánsson**
**Jónas Smári Hrólfsson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn,

**Jón Ingvarsson**

Gautavík 30, Reykjavík,

lést 6. júní síðastliðinn.
Útför hans hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hins látna.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Ingveldur Hilmarsdóttir (Inga)**

# EM TILBOÐ




## PHILIPS

**TILBOÐ**
**119.995**
VERÐ ÁÐUR 149.995

**Philips 55PFT5500**
55" Smart LED sjónvarp með Full HD 1920 x 1080 upplausn. Pixel Plus HD. DualCore örgjörvi. 200 Hz Perfect Motion Rate. Multiroom TV. Android 5.0. Wi-Fi. Stafrænn DVB-C/T2 móttakari. 3 x USB og upptökumöguleiki. 4 x HDMI. Spotify Connect. MyRemote Apple / Android síma- og spjaldtölvu App.

NETFLIX · DualCore · FullHD · PixelPlusHD · 200Hz · Google play · Spotify · DVB T2




ambi light 2 · PixelPlus ULTRA HD · MICRO DIMMING · 1000 PICTURE PERFORMANCE INDEX · QuadCore · NETFLIX

**Philips 49PUT6401**
Smart LED sjónvarp Ultra HD 4K 3840x2160P upplausn og Pixel Plus Ultra HD. Micro Dimming Pro. 800 Hz PPI. Quad Core örgjörvi. Ambilight 2 bakljós. Android 5.1. Nettenging með Google Play store. Wi-Fi 2x2 móttakari. NETFLIX - 4K. Stafrænn DVB-C/T2 móttakari. 3 x USB. USB upptaka. 4 x HDMI o.fl.

**TILBOÐ**
**139.995**
VERÐ ÁÐUR 169.995




4K ULTRA HD TV · my Home Screen 2.0 · QUAD-CORE PRO · VIERA SMART Viera · NETFLIX

**Panasonic TX49DX603**
49" Smart VIERA LED sjónvarp með 4K Ultra HD 3840x2160p upplausn og Quad Core Pro örgjörva. 800 Hz BMR. High Contrast. 4K Up-Scaling / 4K Smooth Motion. Mozilla Firefox OS netvafri. NETFLIX - 4K. Pro 24p Smooth Film/Play Back. Wi-Fi. Stafrænn DVB-C/T2 og gervihnattamóttakari. In-House TV Streaming. USB upptaka. 2 x USB. 3 x HDMI. Swipe & Share 2.0. iPhone eða Android síma- / spjaldtölvu app.

**TILBOÐ**
**169.995**
VERÐ ÁÐUR 189.995




IPS · LED · 4K ULTRA HD · 4K Upscaler · 1000Hz PMI · DVB T2 · NETFLIX

**LG 55UF680V**
55" Smart IPS LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn og 1000Hz PMI. Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun. Micro Pixel Control. Real Cinema 24p. Quad-Core örgjörvi. webOS 2.0 - opinn vafri. NETFLIX - 4K. LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. Gerfihnattamóttakari. 2x USB 2.0. USB 3.0. 2x HDMI o.fl. Apple og Android síma- / og spjaldtölvu app.

**TILBOÐ**
**179.995**
VERÐ ÁÐUR 229.995




IPS · LED · 4K ULTRA HD · 4K Upscaler · 1000Hz PMI · DVB T2 · NETFLIX

**LG 65UH600V**
65" Smart IPS LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn og 1000Hz PMI. UHD Mastering Engine - 4K uppskölun. Micro Pixel Control. Real Cinema 24p. Quad-Core örgjörvi. webOS 2.0 - opinn vafri. NETFLIX - 4K. LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. Gerfihnattamóttakari. 2 x USB (2 Ultra HD). 2 x HDMI o.fl. Apple og Android síma- / og spjaldtölvu app.

**TILBOÐ**
**289.995**
VERÐ ÁÐUR 329.995

12 MÁNAÐA
VAXTALAUSAR GREIÐSLUR

**Heimilistæki** ht.is
*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • AUSTURVEGI 34 **SELFOSSI** S: 414 1745 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500




# KJÚKLINGAVÆNGIR

## V-laga, tilbúnir á grillið eða í ofninn

Fulleldaðir, þarf aðeins að hita, 4 tegundir af sósum

SWEET BABY RAY'S

- Sweet Baby Ray´s BBQ
- HOT Sweet Baby Ray´s Buffaló

Kaldi

- Kaldi BBQ
- Kaldi rótarbjórs BBQ

Gildir til 19. júní á meðan birgðir endast.




**Tostitos snakk og sósur**
Alvöru kornsnakk.

Zevia
KALORÍULAUST GOS



**Zevia drykkir**
Engin gervisæta, kaloríulaust, með stevíu.

Lífrænt



**Lífræn ítölsk hráskina og salami**



**Dekraðu við gestina í grillveislunni**
Einstakt BBQ-reykbragð fyrir alla grillrétti. Veljið á milli nokkurra reykblanda í handhægum reykbökkum - tilbúið til notkunar á grillinu.



**Allt fyrir vængina**
Sósur á kjúklingavængina eða til hliðar.

kleinuhringir

*Hefur þú kíkt á kleinuhringjaúrvalið í Hagkaup?*



135 kr/stk
verð áður 235

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg


ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans
HAFÐU ÞAÐ GOTT UM HELGINA
TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa
NAUTALUNDIR ÍSLENSKAR
5.439 kr/kg
verð áður 6.799
KJARNAFÆÐI
TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa
GRÍSAFILE VÍKINGAGRÍS
1.874 kr/kg
verð áður 2.499
ÍSLANDS LAMB
TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa
LÆRISSNEIÐAR ÚR MIÐLÆRI
2.639 kr/kg
verð áður 3.299
ÍSLANDS LAMB
TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa
LAMBA INNRALÆRI
3.149 kr/kg
verð áður 4.499
ÍSFUGL
TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa
KALKÚNASNEIÐAR LEMON GRASS
1.524 kr/kg
verð áður 2.177
SS
TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa
FJÖRULAMB LAMBALÆRI
1.934 kr/kg
verð áður 2.579
HÆ HÓ JIBBÍ JEI!
MIKIÐ ÚRVAL AF BLÖÐRUM, RELLUM, FÁNUM, FÁNALENGJUM OG SLEIKJÓUM FYRIR 17. JÚNÍ
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Hæg suðlæg átt í dag og skúrir víða um land sem þýðir að það muni sjást eitthvað í sólina á milli þess sem gróðurinn er vökvaður. Ekki er þó að búast við neinni úrkomu að ráði á höfuðborgarsvæðinu. Kólnar lítillega fyrir norðan frá því sem var í gær.

## Föstudagur




## Laugardagur




# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hnapp
6. pot
8. léreft
9. kvenkyns hundur
11. í röð
12. teygjudýr
14. gljái
16. hvað
17. kverk
18. kærleikur
20. nafnorð
21. málmur

**LÓÐRÉTT**
1. áfangi
3. mjöður
4. land í Suð-vestur-Asíu
5. sár
7. æxlast
10. frostskemmd
13. hryggur
15. byssukúla
16. rámur
19. á fæti



**LÁRÉTT:** 2. tölu, 6. ot, 8. lín, 9. tík, 11. bd, 12. amaba, 14. glans, 16. ha, 17. kok, 18. ást, 20. no, 21. stál. **LÓÐRÉTT:** 1. lota, 3. öl, 4. líbanon, 5. und, 7. tímgast, 10. kal, 13. bak, 15. skot, 16. hás, 19. tá.

## Skák Gunnar Björnsson

Guðmundur Kjartansson (2.457) átti leik gegn Braga Þorfinnssyni (2.426) á Íslandsmótinu í skák í Tónlistarskóla Seltjarnarness.

**Svartur á leik**

**29...Hf3! 30. Hxc5?** (Eini leikurinn sem veitir mótspyrnu er **30. Kh2!** Þá gæti svartur valið á milli **30...Haf8** eða jafnvel **30...Hxh3+**). **30..Hxf1+** og hvítur gafst upp skömmu síðar.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttirnar.



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 2 | 9 | | | | 7 | 5 |
| 6 | | | | 7 | 5 | | 3 | |
| | 7 | 9 | 1 | | 6 | | | |
| | | | | 9 | | | | 6 |
| 9 | 3 | 6 | | | | 2 | | |
| | 8 | 1 | 5 | | | 3 | | |
| | 5 | | | 2 | 9 | | | 7 |
| 8 | | | 6 | 4 | | | 2 | |
| | | | | | | 1 | 4 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 8 | 4 | | | | 1 | 2 |
| 9 | | | | 3 | 2 | | 4 | |
| | 4 | 5 | 6 | | 1 | | | |
| | | | | 6 | | | | 5 |
| 4 | 3 | 6 | | | | 9 | | |
| | 5 | 7 | 2 | | | 1 | | |
| | 2 | | | 4 | 7 | | | 1 |
| 6 | | | 3 | 5 | | | 7 | |
| | | | | | | 3 | 5 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 6 | 1 | | | | 3 | 8 |
| 1 | | | | 4 | 8 | | 2 | |
| | 8 | 2 | 3 | | 5 | | | |
| | | | | 1 | | | | 3 |
| 9 | 6 | 7 | | | | 4 | | |
| | 2 | 1 | 4 | | | 7 | | |
| | 7 | | | 6 | 1 | | | 4 |
| 6 | | | 8 | 7 | | | 1 | |
| | | | | | | 6 | 7 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 2 |
| 5 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 3 | 9 | 1 | 5 |
| 7 | 2 | 1 | 8 | 9 | 6 | 5 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 7 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 3 | 4 | 7 | 6 | 2 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 9 | 3 | 5 | 1 | 8 | 7 |
| 9 | 8 | 3 | 4 | 7 | 1 | 2 | 5 | 6 |
| 1 | 7 | 5 | 6 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 |
| 7 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 2 | 9 | 6 | 8 | 3 | 7 | 4 | 5 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 1 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 |
| 6 | 1 | 4 | 8 | 3 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 8 | 7 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 9 | 5 | 6 | 1 | 3 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 6 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 8 |
| 5 | 9 | 3 | 8 | 6 | 1 | 2 | 4 | 7 |
| 1 | 8 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 6 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 9 | 3 | 2 | 4 | 1 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 3 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 6 | 8 | 5 | 3 |
| 3 | 1 | 5 | 7 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 |

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








SYNTU INN
Í SUMARIÐ
20%*
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
SUNDVÖRUM
GILDIR ÚT MÁNUDAG
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is



„Halla Oddný er bæði eiginkona mín og aðstoðarkona við undirbúning hátíðarinnar,“ segir Víkingur Heiðar. Hér stilla þau hjónakornin sér upp í gluggum Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hinn frjálsi förusveinn er í forgrunni hátíðarinnar

**Reykjavík Midsummer Music, tónlistarhátíðin hans Víkings Heiðars Ólafssonar, hefst í dag og stendur til sunnudags. Þemað er ferðalangur og efnisskráin fer með okkur um heillandi lendur tónlistarinnar.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Ég stofnaði hátíðina Reykjavík Midsummer Music árið 2012, svo hún er að fara fram í fimmta sinn – ótrúlegt hvað tíminn líður,“ segir Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari brosandi. „Nú er fólk líka farið að reikna með hátíðinni og spyrja um hana, svo hún er búin að festa sig í sessi. Hugmyndin er rosalega einföld. Hún er sú að fá íslenska og erlenda topp listamenn og leiða þá saman í einu besta tónlistarhúsi Evrópu á bjartasta árstíma.

Svo er ég alltaf að leika mér með þema, í ár er hugmyndin „wanderer“ eða ferðalangur og allt hverfist um hann. Við förum út í náttúruna, út í heim og út í geim.“

Sumir flytjendurnir sem komnir eru til landsins eiga líka óvenjulegar ferðasögur úr fortíðinni eins og Víkingur Heiðar lýsir. „Rússneski fiðluleikarinn Viktoria Mullova flúði Sovétríkin 1983, skömmu eftir að hafa unnið stærstu fiðlukeppni heims. Hún skildi Stradivari-fiðlu eftir á hótelherbergi í Finnlandi, flúði til Svíþjóðar, kallaði sig Miss Smith og fékk hæli í Bandaríkjunum þar sem henni var í raun boðið beint í partí í Hvíta húsið til Ronalds Reagan. Svo varð hún bara einn frægasti tónlistarmaður heims og tákn fyrir sigur vestursins gegn austrinu.

Mullova kom til Íslands fyrir 30 árum og það er gaman að geta sýnt henni Hörpu og hvernig allt hefur breyst hér. Hún kemur fram á hátíðartónleikum í Eldborgarsalnum 17. júní, sem bera yfirskriftina Söngvar förusveins, ásamt fleiri snillingum.“

Einn þeirra sem syngja í Eldborginni að kvöldi þjóðhátíðardagsins er hinn góðkunni Kristinn Sigmundsson sem flytur meðal annars verk eftir Schubert og Mahler. „Kristinn hefur aldrei komið fram á hátíðinni minni áður þó það sé kært með okkur bæði í músíkinni og persónulega,“ segir Víkingur Heiðar glaðlega.

Vissulega er mikil vinna að koma svona hátíð á koppinn, það viðurkennir tónlistarmaðurinn. „Þetta er rosalegt batterí, miðað við hvað undirbúningsteymið er fámennt, en það er ekkert einsdæmi á Íslandi. Ég er með aðra hátíð úti í Svíþjóð og kringum hana er her manns en hér eru örfáar manneskjur að gera allt af lífi og sál, þar á meðal er konan mín, Halla Oddný Magnúsdóttir. Ég er sjálfur að stafla stólum milli þess sem ég æfi og reyni að gæta þess að allt gangi upp. Venjulega er ég auðvitað hinum megin við borðið, listamaður sem mætir þar sem búið er að bóka allt og þarf bara að hugsa um músíkina,“ segir hann og bætir við: „En það er alveg element í mér sem nýtur þessa brjálæðis þó ég gæti ekki hugsað mér að standa í því nema einu sinni á ári.“

Ýmsir þeirra sem koma að utan á hátíðina eru vinir Víkings Heiðars sem hann hefur unnið með úti. „Það eru allir svo uppnumdir yfir Íslandi og Hörpu og öllu hér svo það gefur mér líka orku. Ég er ekki að ýkja þegar ég segi að ég sef svona fjóra og hálfan tíma á nóttu um þessar mundir og þarf alltaf minni og minni svefn, músíkin er svo geggjuð og spenningur listafólksins eykst eftir því sem á líður vikuna. Birtan er líka svo mögnuð. Ég held hátíðina á þessum árstíma til að tryggja að ég sé alltaf á Íslandi um sumarsólstöður og í Hörpu með músíkóntunum – það verður ekki betra.“

Dagskrá hátíðarinnar má skoða á rmm.is.



Þeir voru að æfa, meistararnir, Víkingur Heiðar og Kristinn Sigmunds.

THULE SWEDEN

# Hjólagrindur og ferðabox

## Fást í verslun okkar að Bíldshöfða 10




Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# BÍÓ


Gömlu leikararnir saman komnir á blaðamannafundi fyrir nýju myndina.


Liam Hemsworth fer með stórt hlutverk í nýju myndinni.



Stikla úr gömlu myndinni. Aðdáendur eru eflaust spenntir að sjá hvernig Ronald tekst til við gerð framhaldsins.


Will Smith ásamt konu sinni Jada Pinkett Smith á frumsýningu Independence Day árið 1996. Hún átti að leika kærustu Will í myndinni en hafnaði því vegna anna.

## Independence Day fagnar nú 20 ára afmæli með framhaldi án Will Smith

**Ein þekktasta kvikmynd tíunda áratugarins fær loksins framhald í næstu viku. Aðdáendur hafa beðið í ofvæni eftir nýju myndinni. Hún mun eflaust kveikja nostalgíu.**

Í ár eru komin tuttugu ár síðan kvikmyndin stórvinsæla Independence Day kom út, en hún var frumsýnd 24. júní 1996. Myndin sló rækilega í gegn en með aðalhlutverk fóru meðal annars Will Smith, Bill Pullman, Jeff Goldblum og Vivica A. Fox. Nú á að frumsýna framhald myndarinnar sem tók alls tuttugu ár að framleiða. Leikstjóri og höfundur beggja myndanna er Roland Emmerich. Nýja myndin, Independence Day: Resurgence, verður frumsýnd þann 24. júní eins og sú fyrri.

Framhaldsins hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu enda hefur myndin verið lengi í bígerð. Roland segir þó að hann hafi aðeins verið að bíða eftir réttu tækninni en hugmyndir hans fyrir myndina hafi verið of stórtækar fyrir tæknina sem var til staðar á tíunda áratugnum og byrjun 21. aldarinnar.

Í nýju myndinni, sem frumsýnd verður næstu viku, reynir leikstjórinn að vekja gömlu persónurnar aftur til lífs svo að myndin tengist sem mest þeirri fyrri. Leikararnir Bill Pullman, Jeff Goldblum, Brent Spiner og Vivica A. Fox snúa aftur í framhaldinu en Will Smith, sem var aðalleikari fyrstu myndarinnar, verður þó ekki með. Ný andlit birtast einnig og fer Liam Hemsworth með eitt aðalhlutverkanna.

Það verður spennandi að sjá hvort framhaldið nær að heilla aðdáendur Independence Day enn á ný en kvikmyndin var og er ein af tekjuhæstu myndum sem gerðar hafa verið. Myndin fjallar um geimverur, forseta Bandaríkjanna og hugrakkar hetjur en það er ómissandi í góðri spennumynd. Í Independence Day: Resurgence verður sama þema nema meira verður um geimverutækni sem mannfólkið hefur tileinkað sér.

gunnhildur@frettabladid.is

### VISSIR ÞÚ AÐ ...

20th Century Fox borgaði 1,3 milljónir dollara til þess að sýna kynningarefni úr myndinni á Super Bowl árið 1996?

Independence Day hlaut Óskarsverðlaunin fyrir bestu tæknibrellurnar árið 1997?

handritið að myndinni var skrifað á aðeins fjórum vikum og tökurnar stóðu yfir í 72 daga sem þykir afar stuttur tími fyrir svo stóra kvikmynd?

## Frumsýningar

### ME BEFORE YOU



Drama og rómantík
Aðalhlutverk: Emilia Clarke, Sam Claflin og Janet McTeer.
Frumsýnd 22. júní.
IMDb 7,9

### INDEPENDENCE DAY: RESURGENCE



Ævintýri og skáldskapur
Aðalhlutverk: Maika Monroe, Joey King og Jeff Goldblum.
Frumsýnd 22. júní

### FINDING DORY



Teiknimynd
Aðalhlutverk: Ellen DeGeneres, Albert Brooks og Idris Elba.
Frumsýnd 16. júní
IMDb 9,1




SPORT | Fimmtudag kl. 19:30 - Bein útsending
Pepsídeild karla - Valur tekur á móti FH
Hörkuleikur í deildinni í Hlíðarenda


SPORT | Fim. og fös. kl. 01:30
Copa America, 8 liða úrslit - Bein útsending
Fimmtudag, kl. 01:30 Bandaríkin - Ekvador
Föstudag, kl. 00:00 Peru - Kólumbía


SPORT | Formúla 1 - Bein útsending
Lau. og Sun.: GRAND PRIX OF EUROPE
Margir af fremstu ökumönnum heims á einum stað



SPORT | Sumarmessan - EM og Copa Amercia
Öll kvöld klukkan 22:00
Íþróttafréttamenn og fótboltasérfræðingar 365 fara yfir allt það helsta á EM og Copa America.

Sportið um helgina

Fáðu þér áskrift á 365.is




ENDALAUST NET Á 1.000 KR. FYLGIR SPORTPAKKA 365*

365

*Endanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is




FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| FINDING DORY (ENSKA) | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30 |
| LEITIN AÐ DÓRU (ÍSL) | KL. 3:20 - 5:40 |
| LEITIN AÐ DÓRU (ÍSL 3D) | KL. 4:20 - 6:40 |
| THE CONJURING 2 | KL. 8 - 9 - 10:20 - 10:45 |
| THE CONJURING 2 VIP | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| TMNT 2 2D | KL. 3 - 5:30 |
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 8 |
| MOTHER'S DAY | KL. 8 - 10:30 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 3 - 5:30 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| FINDING DORY (ENSKA) | KL. 5:40 - 9 |
| LEITIN AÐ DÓRU (ÍSL) | KL. 4:20 - 6:40 |
| LEITIN AÐ DÓRU (ÍSL 3D) | KL. 3:20 - 5:40 |
| THE CONJURING 2 | KL. 8 - 10:25 - 10:45 |
| TMNT 2 3D | KL. 3:20 - 8 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| LEITIN AÐ DÓRU | KL. 5:50 |
| CENTRAL INTELLIGENCE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| THE CONJURING 2 | KL. 8 -10:45 |
| TMNT 2 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| LEITIN AÐ DÓRU | KL. 8 |
| THE CONJURING 2 | KL. 10:20 |
| CENTRAL INTELLIGENCE | KL. 8 - 10:45 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| LEITIN AÐ DÓRU (ÍSL 3D) | KL. 5:40 |
| FINDING DORY (ENSKA) | KL. 8 |
| THE CONJURING 2 | KL. 8 - 10:20 -10:45 |
| TMNT 2 2D | KL.5:30 |










| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| LEITIN AÐ DÓRU ÍSL.TAL | 2, 5 |
| LEITIN AÐ DÓRU 3D ÍSL.TAL | 1:30, 3:40, 5:50 |
| CENTRAL INTELLIGENCE | 7:30, 10 |
| THE NICE GUYS | 10:30 |
| WARCRAFT | 8, 10:30 |
| FLORENCE FOSTER JENKINS | 8 |
| ANGRY BIRDS ÍSL.TAL | 1:50, 3:50, 5:50 |


# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is




Sjóminjasafnið í Reykjavík býður upp á afar áhugaverðar sýningar í dag þar sem Þorskastríðið og konur í sjósókn eru í aðalhlutverkum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### 16. JÚNÍ 2016

### Leiðsögn og göngur

**Hvað?** Leiðsögn um Nautn/ Conspiracy of Pleasure
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri
Í dag verður boðið upp á leiðsögn í Listasafninu á Akureyri um sýninguna Nautn / Conspiracy of Pleasure, sem var opnuð um síðastliðna helgi. Hlynur Hallsson sýningarstjóri tekur á móti gestum og fræðir þá um sýninguna. Aðgangseyrir er 1.000 krónur og gildir jafnframt á sýninguna Arkitektúr og Akureyri í Listasafninu, Ketilhúsi. Allir velkomnir.

**Hvað?** Dark deeds – ensk bókmenntaganga
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Farið frá Borgarbókasafninu Grófinni
Borgarbókasafnið býður upp á bókmenntagöngur á ensku alla fimmtudaga í sumar. Megininntak gangnanna eru glæpir og drungalegir atburðir í bókmenntum sem tengjast Reykjavík. Allir velkomnir.

**Hvað?** Prjónakaffi
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Bókasafnið Árbæ
Bandóðir prjónarar sameinast á fimmtudögum í sumar í sérlegu prjónakaffi. Gott úrval handavinnubóka og -blaða. Heitt á könnunni og allir hjartanlega velkomnir.

**Hvað?** Kvöldganga: List í almenningsrými
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Grófin, Tryggvagata 15 og 17
Í kvöld er blásið til kvöldgöngu sem ber titilinn List í almenningsrými. Ásdís Spanó myndlistarmaður og Hugrún Þorsteinsdóttir arkitekt leiða göngu um útilistaverk í kringum Tjörnina með viðkomu í Hallargarðinum.

Borgarbókasafnið, Borgarsögusafn Reykjavíkur og Listasafn Reykjavíkur bjóða upp á kvöldgöngur með leiðsögn í sumar á fimmtudagskvöldum. Allir velkomnir með og þátttaka ókeypis.

### Sýningar

**Hvað?** Kvikmyndadagskrá: Líf á hjara veraldar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhús
Heimskautasvæðin eru enn í dag þeir hlutar jarðarinnar sem vekja með fólki hugmyndir um fjarlægan og framandi heim. Hugmyndir um að enn sé ekki allt rannsakað til hlítar og von sé á nýjum uppgötvunum, nýrri upplifun. Hvor á sinn hátt takast kvikmyndinar á við þessar vangaveltur, önnur við suðurskautið og hin við norðurheimskautið. Í kvöld stendur fólki til boða að sjá myndirnar End of Summer eftir Jóhann Jóhannsson og Sögur sækýr eftir Etienne de France.

**Hvað?** Þorskastríðin, for cod's sake
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Sjóminjasafnið í Reykjavík, Grandagarður 8.
Sýningin fjallar um hinar seint gleymdu pólitísku deilur milli Íslands og Bretlands á árunum 1958-1967. Sýningin er opin til klukkan 17.00.



**Hvað?** Sjókonur - sjósókn íslenskra kvenna í fortíð og nútíð
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Sjóminjasafnið í Reykjavík
Á sýningunni er saga íslenskra kvenna sem sóttu sjóinn rakin. Er um að ræða samstarfsverkefni Borgarsögusafns og Dr. Margaret E. Willson mannfræðings. Sýningin er opin til klukkan 17.00.

**Hvað?** Myndasögusýningin Forynjur, ævintýri og fíflagangur
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið Grófinni.
Á sýningunni eru verk Þóreyjar Mjallhvítar, þar sem skissur, myndskreytingar og myndasögur ráða för. Sýningin er opin til klukkan 19.00. Allir velkomnir.

**Hvað?** Horfur: Charlotta María Hauksdóttir
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Tryggvagata 15.
Verkið Horfur er unnið á Íslandi haustið 2015 og er unnið yfir fjögurra mánaða tímabil af ljósmyndaranum Charlottu Maríu Hauksdóttur. Sýningin er opin til klukkan 19.00.

**Hvað?** Austan rúmba
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Menningarhúsið Gerðubergi
Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir hefur vakið athygli fyrir kraftmikil og stórbrotin málverk þar sem veðrið og náttúruöflin eru í aðalhlutverki. Austan rúmba er yfirskrift sýningarinnar sem nú stendur yfir í Gerðubergi. Sýningin er opin frá klukkan 09.00 til 18.00. Allir velkomnir.

**Hvað?** Once There Was a Way
**Hvenær?** 23.00




FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |



**2 | 20:20**

**ÞAÐ ER LEIKUR AÐ ELDA**

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem Eva Laufey fær í hverjum þætti til sín unga og hressa krakka sem eiga það sameiginlegt að elska að búa til mat og eru afburðakokkar í þokkabót.


FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR

Fáðu þér áskrift á 365.is

365


**2 | 20:45**

**RESTAURANT STARTUP**

Skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með venjulegu fólki leggja allt í sölurnar þegar það eltist við drauma sína um að opna veitingastað.



**2 | 21:30**

**PERSON OF INTEREST**

Fyrrverandi leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður taka saman höndum um að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.



**2 | 22:15**

**CONTAINMENT**

Stór hluti borgarinnar Atlanta í Bandaríkjunum er sett í sóttkví þegar faraldur brýst út í borginni og þeir sem lokast inni berjast fyrir lífi sínu.



**2 | 23:00**

**LUCIFER**

Djöfullinn sjálfur kemur upp á yfirborð jarðar. Hann kynnist rannsóknarlögreglukonu sem breytir sýn hans á lífið og hann nýtir hæfileika sína til að aðstoða við rannsókn sakamála.



**| 22:00**

**THE HUNGER GAMES**

Spennandi framtíðarmynd með Jennifer Lawrence, Liam Hemsworth, Stanley Tucci og Elizabeth Banks í aðalhlutverkum.



**3 | 20:25**

**HIÐ BLÓMLEGA BÚ**

Árni Ólafur Jónsson eldar fjölbreytta rétti úr íslensku hráefni og kynnist því hvernig er hægt að lifa á gæðum landsins.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.25 Kalli kanína og félagar**
**07.50 Tommi og Jenni**
**08.10 The Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Jamie's 30 Minute Meals**
**10.40 Höfðingjar heim að sækja**
**10.55 Gulli byggir**
**11.35 Lífsstíll**
**12.00 Um land allt**
**12.15 Heimsókn**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Death Comes To Pemberley**
**14.00 Multiple Birth Wards**
**14.50 Edward Scissorhands**
**16.30 Frikki Dór og félagar**
**16.55 Simpson-fjölskyldan**
**17.15 Bold and the Beautiful**
**17.40 Nágrannar**
**18.05 Friends**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Íþróttir**
**19.10 Ellen** Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum og nær að skapa einstakt andrúmsloft í salnum sem skilar sér beint til áhorfenda sem sitja heima í stofu.
**19.50 The New Girl**
**20.15 Það er leikur að elda**
**20.35 Restaurant Startup** Skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með venjulegu fólki leggja allt í sölurnar þegar það eltist við drauma sína um að opna veitingastað. Því til halds og traust er hinn vinsæli veitingahúsaeigandi Russell Norman.
**21.20 Person of Interest**
**22.05 Containment**
**22.50 Lucifer**
**23.35 Ghetto betur** Skemmtilegur spurningaþáttur í umsjón Steinþórs Hróars Steinþórssonar eða Steinda Jr. Í hverjum þætti mæta tveir fulltrúar frá hverju bæjarfélagi og spreyta sig á vel völdum spurningum. Liðin þurfa að glíma við ákveðnar þrautir og fá einnig ýmiss konar óvenjuleg verkefni til að leysa. Hlín Einarsdóttir er dómari í þættinum, Kalli Bjarni stigavörður og María Guðmundsdóttir er plötusnúður.
**00.10 X-Company** Önnur syrpan af þessum hörkuspennandi þáttum um hóp ungra njósnara í seinni heimsstyrjöldinni sem allir eru með sérstaka hæfileika sem nýtast í stríðinu og ferðast hvert þangað sem þeirra er þörf. Í hverri hættuför leggja þau lífið að veði fyrir málstaðinn.
**00.55 NCIS. New Orleans**
**01.40 John Wick**
**03.20 Silence of the Lambs**
**05.15 + 1**

## SPORT

**07.25 Sumarmessan**
**08.10 Pepsí deildin 2016**
**10.00 Borgunarbikar karla 2016**
**12.25 Copa America 2016**
**14.05 Copa America 2016**
**15.45 Sumarmessan**
**16.30 Pepsí deildin 2016**
**18.20 Premier League World**
**18.50 Sumarmótin 2016**
**19.30 Pepsí deildin 2016**
**22.00 Sumarmessan**
**22.55 NBA 2015/2016 - Final Games**
**01.00 NBA 2015/2016 - Final Games**

## STÖÐ 3

**17.45 Raising Hope**
**18.10 The Big Bang Theory**
**18.30 Modern Family**
**18.55 Fóstbræður**
**19.25 Entourage**
**19.50 Margra barna mæður**
**20.25 Hið blómlega bú**
**21.05 Burn Notice**
**21.50 Legit**
**22.15 NCIS Los Angeles**
**23.00 Tyrant**
**23.40 Tyrant**
**00.30 Fóstbræður**
**00.55 Entourage**
**01.20 Margra barna mæður**
**01.55 Hið blómlega bú**
**02.30 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Brunabílarnir**
**07.25 Strumparnir**
**07.47 Mæja býfluga**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**08.47 Víkingurinn Viggó**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveinsson**
**09.49 Lalli**
**09.55 UKI**
**10.00 Ljóti andarunginn og ég**
**10.25 Latibær**
**10.48 Hvellur keppnisbíll**
**11.00 Brunabílarnir**
**11.25 Strumparnir**
**11.47 Mæja býfluga**
**12.00 Dóra könnuður**
**12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**12.47 Víkingurinn Viggó**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveinsson**
**13.49 Lalli**
**13.55 UKI**
**14.00 Ljóti andarunginn og ég**
**14.25 Latibær**
**14.48 Hvellur keppnisbíll**
**15.00 Brunabílarnir**
**15.25 Strumparnir**
**15.47 Mæja býfluga**
**16.00 Dóra könnuður**
**16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.47 Víkingurinn Viggó**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveinsson**
**17.49 Lalli**
**17.55 UKI**
**18.00 Ljóti andarunginn og ég**
**18.25 Latibær**
**18.48 Hvellur keppnisbíll**
**19.00 Geimaparnir 2**



17.24 Svampur Sveinsson

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 FedEx St. Jude Classic**
**13.00 Golfing World 2016**
**13.50 US Open 2015**
**16.35 Inside The PGA Tour 2016**
**17.00 US Open 2016**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.25 Trip to Italy**
**12.10 He's Just Not That Into You**
**14.20 Dumb and Dumber To**
**16.10 Trip to Italy**
**18.00 He's Just Not That Into You** Stjörnum prýdd rómantísk gamanmynd sem byggð er á samnefndri sjálfshjálparbók sem var byggð á hluta af Sex and the City þáttunum. Myndin er í raun margar minni sögur sem segja frá skakkaföllum nokkurra mismunandi manneskja sem tengjast allar einhvern veginn.
**20.10 Dumb and Dumber To**
**22.00 The Hunger Games** Spennandi framtíðarmynd með Jennifer Lawrence, Liam Hemsworth, Stanley Tucci og Elizabeth Banks í aðalhlutverkum. Myndin sem byggð er á metsölubókum og fjallar um keppni sem er haldin árlega þar sem nokkrir einstaklingar eru valdir til að keppa í Hungurleikunum sem sjónvarpað er um allt land. Keppnin er að hluta til skemmtun en að hluta til til að vekja, með grimmilegum hætti, ótta meðal íbúa landsins.
**00.20 The Mummy**
**02.25 Elephant White**
**04.00 A Haunted House**

## RÚV

**16.10 Baráttan um Bessastaði**
**16.35 Violetta**
**17.20 Í garðinum með Gurrý**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Eðlukrúttin**
**18.15 Best í flestu**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Portúgal - Ísland**
**21.50 Bækur og staðir**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð**
**23.00 Órói**
**00.35 Indian Summers**
**01.20 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**00.40 Wicked City**
**01.25 The Catch**
**02.10 Satisfaction**
**02.55 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**03.35 The Late Late Show with James Corden**
**04.15 Pepsi MAX tónlist**
**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rules of Engagement**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 America's Next Top Model**
**09.45 Survivor**
**10.30 Pepsi MAX tónlist**
**11.25 EM 2016 á 30 mínútum**
**12.00 The Biggest Loser - Ísland**
**12.55 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**13.45 Survivor**
**15.00 EM 2016 dagurinn. Úkraína - Norður Írland**
**15.50 Úkraína - Norður Írland BEINT**
**18.00 EM 2016 svítan. Þýskaland - Pólland**
**18.50 Everybody Loves Raymond**
**19.15 King of Queens**
**19.40 How I Met Your Mother**
**20.05 Life In Pieces**
**20.30 Grandfathered**
**20.55 The Grinder**
**21.15 EM 2016 á 30 mínútum**
**21.50 How To Get Away With Murder**
**22.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**23.15 The Late Late Show with James Corden**
**23.55 Billions**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ÚTSKRIFTARGJAFIRNAR FÁST Í A4

**Hnattlíkön**
16.999 kr.



**American Tourister cabin taska**
-25%*
8.999 kr.
Verð áður: 11.999 kr.



**House Doctor**
2.299 kr.



**Samsonite snyrtitaska**
-25%*
5.999 kr.
Verð áður: 7.999 kr.



**Pioneer heyrnartól**
7.999 kr.



**Fujifilm myndavél**
15.900 kr.



**Samsonite ferðataska**
Base hits, stækkanleg
-25%*
17.993 kr.
Verð áður: 23.990 kr.



**Umbra skartgripastandur**
4.199 kr.
Verð áður: 6.999 kr.
-40%



**Samsonite fartölvubakpoki**
Fyrir allt að 15-16" tölvur
-25%*
6.743 kr.
Verð áður 8.990 kr.



*Gildir fyrir meðlimi í A4 klúbbnum, til 19. júní. Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Athugið að vöruframboð er breytilegt á milli verslana.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**198** kr. stk.
**Íslenski Fáninn**
50x70 cm

**98** kr. stk.
**Íslenski Fáninn**
30x46 cm

ÁFRAM ÍSLAND

1kg

**Meira magn Sama verð**

**385** kr. 1 kg
**Myllu Heimilisbrauð**
1 kg

**198** kr. stk.
**Brjóstsykur Snuð**
70 g, margar teg.

**159** kr. pk.
**Bónus Pylsubrauð**
260 g, 5 stk.

**159** kr. 4 stk.
**Bónus Hamborgarabrauð**
Með eða án sesamfræja

**300kr** Verðlækkun

**1.495** kr. kg
**OS Samlokuostur**
Í sneiðum - Verð áður 1795 kr.

# 17. JÚNÍ
## OPIÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM NEMA KRINGLUNNI
## 11-18

**698** kr. 2 l
**Kjörís Mjúkís**
4 tegundir, 2 l

**459** kr. pk.
**Kjörís Íspinnar**
Vanilla, 10 stk.

**398** kr. 100 g
**Ítölsk Þurrskinka**
100 g

1,5L

0,5L

0,5L

**Orkudrykkur**
Líka til sykurlaus

**129** kr. stk.
**Koopman Bjórglas**
400 ml

**98** kr. 500 ml
**Egils Appelsín**
500 ml

**98** kr. 500 ml
**Pepsi,** 500 ml
**Pepsi Max,** 500 ml

**59** kr. 250 ml
**ES Orkudrykkur**
250 ml, 2 teg.

**198** kr. 1,5 l
**Coca Cola**
1,5 l

Verð í þessari auglýsingu gilda til og með **19. júní** a.m.k.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
5 STK. CHILLI PEPPERONI PYLSUR
5 STK. BEIKON BÓNDA PYLSUR
Chilli Pepperoni Pylsur
90 % kjöt
Beikon Bónda Pylsur
998 kr. pk.
Stjörnugrís Grillpylsur
10 stk. í pakka, 900 g
Foreldað
Aðeins að hita
Ali Spareribs
998 kr. kg
Ali Spareribs
Foreldað, ferskt
ÓDÝRARA AÐ KRYDDA SJÁLUR
1.498 kr. kg
KS Lambalærissneiðar
Frosnar
SPARAÐU MEÐ BÓNUS
ÍSLANDSLAMB
2.598 kr. kg
Íslandslamb Lambakótilettur
Kryddlegnar, ferskar
BÓNUS Grillkjöt
1.298 kr. kg
Bónus Grísakótilettur
Með beini, kryddaðar
KJARNAFÆÐI
1.679 kr. kg
Kjarnafæði Lambasirlonsneiðar
Ferskar, kryddaðar
ÍSLANDSLAMB
2.598 kr. kg
Íslandslamb
Lambalærissneiðar
Kryddlegnar, 1.flokkur, ferskar
498 kr. 1 kg
Ferskjur
Ferskar, box, 1 kg, Spánn
498 kr. 1 kg
Nektarínur
Ferskar, box, 1 kg, Spánn
ÍSLANDSLAMB
2.998 kr. kg
Íslandslamb Lambaprime
Ferskt
ÍSLANDSLAMB
3.898 kr. kg
Íslandslamb Lambafillet
Ferskt
Fersk með flugi
1.395 kr. 500 g
Bláber
Fersk, 500 g, Marokkó
Fersk með flugi
798 kr. 400 g
Kirsuber
Fersk, 400 g, Spánn
Fersk með flugi
698 kr. 500 g
Jarðarber
Fersk, 500 g, Belgía
149 kr. kg
Vatnsmelónur
Spánn
BÓNUS EKKERT BRUÐL
**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# Gefur hæfileikaríkum konum tækifæri

Söngkonan **Hildur** gefur út nýtt tónlistarmyndband í dag en hún vakti talsverða athygli með laginu I'll walk with you fyrr á þessu ári. Að myndbandinu koma einungis konur en Hildur segir að það sé liður í því að breyta karllægu landslaginu í tónlistarheiminum.



Hildur gefur út hressan sumarsmell sem fær örugglega að hljóma yfir nokkur sólböð í sumar. Það má sjá glitta í bolinn sem listakonan Sunna Ben hannaði fyrir Hildi. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



Það er mikill glamúr í gangi í myndbandinu hennar Hildar. MYND/BIRTA RÁN BJÖRGVINSDÓTTIR

Myndbandið er eiginlega eins og nútímaútgáfa af Palli var einn í heiminum, nema nú er Palli fullorðin glamúrkona sem lifir mjög hátt. Við skyggnumst inn í mjög glæsilegt líf manneskju sem utan frá virðist lifa fullkomnu lífi, en undir niðri er hún bara ein og einmana. Hún virðist alltaf vera að bíða eftir einhverjum sem kemur ekki. Við vorum að nálgast þetta út frá því sjónarhorni hvað fólk er duglegt að láta líf sitt líta miklu betur út en það í alvöru er. En ég vil ekki segja hvernig þetta endar – það er tvist!“ segir Hildur Kristín Stefánsdóttir sem sendir frá sér sitt annað lag og myndband sem sólótónlistarkona, en það er lagið Bumpy road.

*Hvar er myndbandið tekið upp?* „Við fengum lánað ótrúlegt hús í Keflavík sem margir þekkja sem kastalahúsið. Við sáum það bara á Airbnb og urðum alveg heillaðar. Eigendurnir voru svo elskulegir að lána okkur húsið og það kom ótrúlega vel út.“

*Hvaða fólk er með þér í að gera myndbandið?* „Ég fékk einvalalið hæfileikaríkra kvenna til að gera myndbandið. Leikstjóri myndbandsins er Svanhildur Gréta Kristjánsdóttir og Birta Rán Björgvinsdóttir sá um myndatöku, klippingu og eftirvinnslu. Svo sáu góðar vinkour mínar um förðun, hár og stíliseringu og ég er ótrúlega sátt við útkomuna. Allt myndbandið er unnið af konum og mér finnst skemmtilegt að vekja athygli á því að hið sama var uppi á teningnum í síðasta myndbandi. Eins og tónlistarheimurinn er kvikmyndaiðnaðurinn líka frekar karllægur og mér finnst mikilvægt að taka þátt í að breyta því og gefa hæfileikaríkum konum fleiri tækifæri.“

*Hvernig er svo lagið, er þetta hress smellur eins og I'll walk with you eða ertu kannski komin yfir í ballöðurnar?* „Bumpy road er hress smellur en með fallegum og hvetjandi boðskap. Ég samdi lagið sem einhvers konar pepp til mín þegar ég var á erfiðum stað. Nafnið á laginu vísar í holóttan veg sem er samlíking fyrir lífið sjálft. Lífið er holóttur vegur, maður fer alltaf upp og niður, kannski einmitt þegar maður býst ekki við því, en eina leiðin til að halda áfram er að að fara aftur upp.

Halldór Eldjárn, sem margir þekkja úr hljómsveitinni Sykur, pródúseraði lagið með mér og það var frábært að vinna með honum, ég held að við höfum klárlega náð því besta fram úr hvort öðru. Svo kom bróðir hans, Úlfur Eldjárn, og spilaði á saxófón sem setti ótrúlega flottan blæ á lagið.“

*Hvað er svo fram undan?* „Sumarið verður fullt af skemmtilegum tónleikum hjá mér og ég get ekki beðið eftir að fá að spila lögin mín fyrir sem flesta. I'll walk with you fékk svo frábærar viðtökur að það er ótrúlega gaman að fylgja því eftir. Ég er búin að vera mjög dugleg að vinna í tónlistinni síðasta hálfa árið þannig að ég er komin langleiðina með EP plötu, sem er næsta stóra markmið hjá mér. Ég stefni á að gefa hana út með haustinu, sem undirbúning fyrir Iceland Airwaves og veturinn.

Ég ákvað að gera eitthvað meira úr útgáfunni á Bumpy road og frumsýna í leiðinni nýja línu af Hildarvörum. Ég fékk góðvinkonu mína Sunnu Ben, myndlistarkonu og DJ, til að hanna fyrir mig myndskreytingu og lét svo prenta stuttermaboli, derhúfur og kaffibolla. Mér fannst mikilvægt að hafa eina vöru sem fólk hefur enga afsökun fyrir að kaupa ekki. Það nota ekkert allir hvíta boli eða derhúfur en það nota allir bolla! Ég er ótrúlega ánægð með útkomuna og er alveg alvarlega að íhuga að brjóta regluna að listamaður megi ekki ganga í eigin hljómsveitarbolum!“

Á Facebook-síðu Hildar má svo finna frekari upplýsingar um Hildar-vörurnar.

stefanthor@frettabladid.is



Ekki er allt sem sýnist í glyskenndu lífi sumra – þannig má kannski útleggja boðskapinn í myndbandinu við Bumpy road. MYND/BIRTA RÁN BJÖRGVINSDÓTTIR

**EINS OG TÓNLISTARHEIMURINN ER KVIKMYNDAIÐNAÐURINN LÍKA FREKAR KARLLÆGUR OG MÉR FINNST MIKILVÆGT AÐ TAKA ÞÁTT Í AÐ BREYTA ÞVÍ OG GEFA HÆFILEIKARÍKUM KONUM FLEIRI TÆKIFÆRI.**



## Trendið
### Allir bomberarnir

Bomberar hafa verið áberandi um nokkurt skeið. Helst svartir þá eða hermannagrænir. Nú er lag að skella sér í liti, karlar og konur.












# HLJÓMFAGURT
## HVAR SEM ÞÚ ERT

Þú kaupir Beoplay bluetooth hátalara
**og færð 20% afslátt af Bang & Olufsen heyrnartólum.**

Gildir til 31. júlí eða á meðan birgðir endast.

BANG & OLUFSEN

ORMSSON

Lágmúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 530 2800

B&O PLAY








Hafsteinn Gunnar Sigurðsson leikstjóri myndarinnar Undir trénu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Leitar að tré fyrir aðalhlutverk í nýrri kvikmynd

**Hafsteinn Gunnar Sigurðsson** leikstjóri leitar nú að tré sem kemur til með að leika eitt af aðalhlutverkunum í hans nýjustu kvikmynd, Undir trénu. Með önnur aðalhlutverk fara Steindi Jr., Edda Björgvinsdóttir og Sigurður Sigurjónsson. Tökur hefjast í lok júlímánaðar.

Myndin fjallar um nágrannadeilu sem hverfist um stórt og fallegt tré sem stendur í garði hjá miðaldra hjónum, tréð varpar skugga á sólpallinn hjá nágrönnunum og vilja þeir að tréð verði snyrt eða fellt. Þetta saklausa tré á hins vegar eftir að valda harðvítugum deilum sem fara úr böndunum,“ segir Hafsteinn Gunnar leikstjóri, spurður út í nýjustu mynd sína Undir trénu.

Viðamikil leit stendur nú yfir að tré, flestöll tré koma til greina og lofar Hafsteinn Gunnar rausnarlegri greiðslu fyrir tréð sem verður fyrir valinu.

„Helst viljum við garðahlyn eða silfurreyni en þó koma allar tegundir til greina, þ.e.a.s. hafi tréð rétt útlit. Í grunninn erum við að leita að krúnumiklu tré, sem er um það bil 8 til 10 metrar á hæð, með þykkum bol,“ segir Hafsteinn Gunnar og bætir við að hafi einhver í huga að fella tré í sinni eigu, sé um að gera að hafa samband og greitt verði rausnarlega fyrir tréð. Hafa má samband á netfangið katlathor@gmail.com.

Fjöldi þekktra leikara fer með hlutverk í kvikmyndinni. Steindór Hróar Steindórsson, eða Steindi Jr. eins og hann er oftast kallaður, fer með hlutverk Atla, föður fjögurra ára stúlku, sem neyðist til að flytja til foreldra sinna vegna þess að hann skilur við barnsmóður sína. Smám saman dregst hann inn í deilur foreldranna við nágranna þeirra um gamla fallega tréð. Edda Björgvinsdóttir og Sigurður Sigurjónsson leika foreldrana, en með hlutverk nágrannanna fara þau Þorsteinn Bachmann og Selma Björnsdóttir.



Viðamikil leit stendur nú yfir að rétta trénu.

„Myndin er dramatísk þó hún sé líka fyndin, þannig að vonandi fær fólk að sjá aðrar hliðar á leikurunum heldur en það sem þeir eru áður þekktir fyrir,“ segir Hafsteinn Gunnar.

*Hvaðan spratt hugmyndin að handriti myndarinnar?* „Handritið er eftir mig og Huldar Breiðfjörð, en mér finnst nágrannadeilur mjög heillandi fyrirbæri. Þær snúast yfirleitt um það sem skiptir engu máli í stóra samhenginu, en geta orðið mjög sorglegar og ömurlegar, en líka absúrd fyndnar á sama tíma. Í nágrannadeilum kristallast það hvernig við umgöngumst annað fólk, hvað það er að búa í samfélagi með öðrum, og það má segja að þær geti bæði dregið fram það besta og versta í fólki,“ segir Hafsteinn Gunnar, spenntur fyrir tökunum sem hefjast í lok júlímánaðar.

**gudrunjona@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

SIMPLY CLEVER

ŠKODA

# Fylgstu með skemmtilega liðinu í WOW Cyclothon







## Áfram Team ŠKODA!

**Team ŠKODA** er stoltur þátttakandi í WOW Cyclothon hjólreiðakeppninni umhverfis landið dagana 15.-17. júní. Um leið og við óskum þeim góðrar ferðar og góðs gengis minnum við á áheitin til styrktar uppbyggingu **Hjólakrafts**. Látum gott af okkur leiða með áheitum á **wowcyclothon.is**

**www.skoda.is** | **HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is | facebook.com/skoda.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Frosta Logasonar




## Einlægni heilans

Mannsheilinn hefur lengi verið ókönnuð pláneta. Við erum búin að senda menn á tunglið og rannsaka Mars í bak og fyrir en höfum lítið sem ekkert veitt heilanum athygli. Nema núna á allra síðustu árum og áratug. Og þar hefur ýmislegt komið ljós. Taugavísindi sýna fram á órjúfanleg tengsl þessa margslungna líffæris við það sem við höfum hingað til kallað andlegt líf.

Oft hef ég heyrt fullyrðingar á borð við þær að andlegur þroski sé einn mikilvægasti þáttur mannlegrar tilveru. Gott og vel hef ég sagt. Það kann vel að vera. Samt sem áður hef ég aldrei verið algerlega viss um hvað þetta fyrirbæri nákvæmlega er, andlegur þroski.

Er hægt að staðsetja mismunandi þjóðþekktar persónur á einhvern andlegan skala? Hvar væri Sigmundur Davíð og hvar yrði Lars Lagerbäck á slíkum skala? Ekki verðar gerðar sérstakar tilraunir til þess að svara því í þessum pistli. En nýverið heyrði ég vitran mann lýsa skoðun sinni á þessum málum. Hann sagði: Að vera andlegur er að vera einlægur.

Ég hugsaði þessa fullyrðingu í þaula og reyndi að finna á henni einhver göt. Það er skemmst frá því að segja að það hefur enn ekki tekist. Við sjáum fljótt að enginn verður sérstakur andlegur risi á því að vera óheiðarlegur eða falskur.

Heilinn er flókið net af milljörðum taugafrumna. Misjöfn reynsla og upplifanir kveikja á ólíkum taugatengingum sem vekja upp ólíkar tilfinningar. Með öðrum orðum hafa taugafrumur ákveðna mótunarhæfni sem við höfum áhrif á með daglegum gjörðum okkar. Einlægnin örvar ákveðnar frumur og óheiðarleikinn aðrar. Svo er bara spurning: hvaða frumur vilt þú rækta?


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland





